



Borgarhóllsskóli



# Ársskýrsla

**2020-2021**



## Efnisyfirlit

Formáli .....	4
Hagnýtar upplýsingar .....	5
Stjórnskipulag .....	5
Starfsmenn .....	5
Nemendafjöldi.....	7
Fjárhagsáætlun .....	7
Skólaakstur.....	7
Áherslur í skólastarfi .....	8
Teymisvinnan.....	8
Jákvæður agi .....	8
Starfsmannasáttmáli .....	9
Starfsþróun .....	9
Viðbrögð vegna Covid-19.....	9
Teymin .....	18
1. bekkur.....	18
Teymi 2.-3. ....	20
Teymi 4.-5. ....	22
Teymi 6.-7. ....	25
8. bekkur.....	30
9. bekkur.....	35
10. bekkur.....	39
Skólafróttir, list og verkgreinar .....	45
Tónmennt .....	45
Heimilisfræði .....	45
Smíðar .....	46
Textílmennt .....	47
Sjónlistir .....	48



Forritun.....	49
Stopmotion.....	49
Íþróttir .....	49
Sund .....	50
Val.....	51
Stuðningur við nám.....	1
Aðrar skýrslur .....	2
Heimasíða og Mentor.....	2
Bókasafn.....	2
Heilsugæsla .....	4
Byrjendalæsi.....	4
Yndislestur .....	5
Sameiginlegir atburðadagar .....	5
Göngudagurinn.....	5
Jól í skókassa.....	6
Verkstæðisdagur.....	6
Litlu jólin.....	6
Útivistardagur.....	6
Nefndir og ráð .....	7
Samstarf skólans við aðrar stofnanir .....	10
Grænuvellir .....	10
Tónlistarskóli Húsavíkur.....	10
Náttúruskólinn/Hvalasafnið .....	12
Framhaldsskólinn á Húsavík.....	12



## Formáli

Ársskýrsla Borgarhólsskóla, sem er einn þriggja grunnskóla Norðurljóða, þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35. gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir meðal annars að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er því liður í þróun og vexti skólastarfsins. Þrátt fyrir einhverjar takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi.

Þetta ár hefur sannarlega verið óhefðbundið og litast mjög af kórónuveirufaraldrinum. Aðgangur annarra en starfsmanna og nemenda hefur verið mjög heftur og sóttvarnarreglur vegna hennar breyst nokkrum sinnum á skólaárinu. Við vorum blessunarlega laus við smit og sóttkví þetta árið líkt og í fyrra.

Húsavík 30. júní 2021  
Þórgunnur Reykjalin Vigfúsdóttir  
skólastjóri



## Hagnýtar upplýsingar

### Stjórnskipulag

Við skólann er skólastjóri og þrír deildarstjórar.

Þórgunnur R Vigfúsdóttir skólastjóri. Kolbrún Ada Gunnarsdóttir deildarstjóri 1.-5. bekkjar 74% stjórnunarhlutfall, hún er einnig staðgengill skólastjóra. Hjálmar Bogi Hafliðason deildarstjóri 6.-10 bekkjar, 74 % stjórnunarhlutfall og Elsa Björk Skúladóttir deildarstjóri stoðþjónustu 74% hlutfall.

### Starfsmenn

Aðalheiður Tryggvadóttir	Skólaliði
Anna Björg Leifsdóttir	Umsjónarkennari
Arna Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Arnór Aðalsteinn Ragnarsson	Leiðbeinandi
Arnór Heiðmann Aðalsteinsson	Umsjónarkennari
Arnþór Þórsteinsson	Stuðningsfulltrúi
Árný Björnsdóttir	Umsjónarkennari/ í leyfi
Ásdís Krístrún Melsteð	Skólaliði
Ásgerður Heba Aðalsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ásta Magnúsdóttir	Tónmenntakennari
Berglind Hauksdóttir	Sérkennari
Bjarni Páll Vilhjálmsson	Íþróttakennari
Björgvin Friðbjarnarson	Umsjónarkennari
Dagbjört Erla Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Díana Jónsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Elín Pálmadóttir	Grunnskólakennari
Elsa Björk Skúladóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Eyrún Ýr Tryggvadóttir	Umsjónarkennari
Guðmundur Óli B. Steingrímsson	Leiðbeinandi/íþróttir
Guðrún Kristinsdóttir	Umsjónarkennari
Guðrún Sædis Harðardóttir	Umsjónarkennari
Hafþór Hreiðarsson	Skólaliði
Halla Rún Tryggvadóttir	Grunnskólakennari
Harpa Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Heiða Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Björg Pálmadóttir	Umsjónarkennari
Helga Dagný Einarsdóttir	Leiðbeinandi list- og verkgreinar
Herdís Þ. Sigurðardóttir	Grunnskólakennari
Hilda Rós Pálsdóttir	Umsjónarkennari



Hjálmar Bogi Hafliðason	Deildarstjóri 6.-10. bekkjar
Ingólfur Jónsson	Verk- og listgreinakennari
Iris Myriam Waitz	Iðjuþjálfun
Jakobína Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóhanna Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari
Jóna Björg Pálmadóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóna Björk Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi
Jóna Óskarsdóttir	Skólaliði
Karin Gerhartl	Verk- og listgreinakennari
Karólína Skarphéðinsdóttir	Sérkennari
Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	Deildarstjóri 1.-5. bekkjar
Kristín Helgadóttir	Námsráðgjafi
Kristín Kjartansdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristjana Eysteinsdóttir	Umsjónarkennari
Kristján Leó Arnbjörnsson	Stuðningsfulltrúi
Lilja Friðriksdóttir	Umsjónarkennari
Linda Arnardóttir	Skólaliði
Magnea Dröfn Arnardóttir	Stuðningsfulltrúi
Magnús P. Magnússon	Bókasafn
Nanna Þ Möller	Umsjónarkennari
Óskar Páll Davíðsson	Stuðningsfulltrúi
Pálmi Björn Jakobsson	Ritari
Sigríður K. Sigvaldadóttir	Skólaliði
Sigurður Már Vilhjálmsson	Stuðningsfulltrúi
Sigurveig Rakeł Matthíasdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sóley Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Sólveig Guðmundsdóttir	Skólaliði
Steinarr Bergsson	Stuðningsfulltrúi
Sveinn Birgir Hreinsson	Húsvörður
Sylvía Smáradóttir	Leiðbeinandi list- og verkgreinar
Sædís Rán Ægisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Unnur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir	Umsjónarkennari
Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Skólastjóri

Stöðugildi til almennrar kennslu voru miðað við tíma kennsluskyldu.

1 húsvörður 1,0 stöðugildi  
 6 skólaliðar 5,6 stöðugildi  
 1 námsráðgjafi 0,8 stöðugildi  
 12 stuðningsfulltrúar 8,83 stöðugildum  
 2 sérkennarar í 1,7 stöðugildi  
 Iðjuþjálfari í 0,9 stöðugildi



## Nemendafjöldi

	Drengir	Stúlkur	Alls
1. bekkur	16	18	34
2. bekkur	12	14	26
3. bekkur	13	12	25
4. bekkur	8	13	21
5. bekkur	18	19	37
6. bekkur	13	15	28
7. bekkur	15	17	32
8. bekkur	20	16	36
9. bekkur	15	13	28
10. bekkur	14	13	27
<b>Alls:</b>	<b>144</b>	<b>150</b>	<b>294</b>

## Húsgagna kaup

- 2014- 30 stólar og borð fyrir 1. bekk  
 32 stólar og borð fyrir unglingastig  
 2015 30 stólar fyrir unglingastig  
 2016- 60 stólar og borð fyrir 4.-5.bekk  
 2018- 62 stólar og borð fyrir 6.-7.bekk  
 2019- 30 stólar og borð f. unglingastig  
 2020 15 stólar og borð - endurnýjun skrifborða og nokkurra vinnustóla.  
 2021 4 hækkunleg kennaraborð

## Fjárhagsáætlun

Þegar afleysingar eru af mjög skornum skammti leiðir af sjálfu sér að álag á aðra starfsmenn eykst. Aðdáunarvert er hve starfsmenn hafa almennt tekið þessu vel og gert sitt besta til að leysa málin. Það tíðkast víða sem leið til sparnaðar að kennarar semji við aðra kennara um vinnuskipti með vitund og samþykki skólastjóra slíkt var nýtt hér auk annarra forfalla. Þá gátu starfsmenn safnað sér inn leyfi í stað þess að fá yfirvinnu greidda, allt að fimm dögum.

## Skólaakstur

Skólastarf hefst alla daga klukkan 08.15.

Skólabíll sækir nemendur utan þéttbýlis alla daga.

Skólabíll fer frá Borgarhólsskóla sem hér segir:

Mánudaga..... 15.10

Þriðjudaga..... 15.10



Miðvikudaga.....	14.30
Fimmtudaga.....	15.10
Föstudaga.....	14.00

Skólabílinn kemur og fer frá stóra bílastæðinu norðan við skólann og er staði hans merkt. Heimför skólabíls miðast við stundatöflu þess nemenda sem hefur lengstan skóladag. Fjallasýn sér um skólaakstur.

## Áherslur í skólastarfi

### Teymisvinnan

Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu. Teymiskennslan var með ýmsu sniði, algengt var að kennararnir í teyminu deildu með sér kennslu allra nemendanna en einnig var nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða náms-efni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en ótal kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verk-efnum og kennsluáferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnæðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að ýmsu leyti tekur það lengri tíma. Teymiskennsla er vaxandi við Borgarhólsskóla.

### Jákvæður agi

Í starfi okkar leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi (Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Bekkjarafundir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa sig í öruggu umhverfi. Því er lögð mikil áhersla á að kenna rétta framkvæmd þeirra, þeir séu haldnir eftir settum reglum og nægilega oft.





## Starfsmannasáttmáli

Starfsmannasáttmálinn var ræddur á þessu skólaári. Starfsfólk valdi að vinna með jákvæð samskipti, virðingu og ábyrgð. Vegna reglna um samkomutakmarkanir var ekki hægt að hafa starfsmannafundi nema á teams. Stjórnendur fóru inn í öll teymi og ræddu um þessi markmið út frá svörum í starfsmannakönnun.

## Starfsþróun

Litið hefur verið svo á að innleiðing Jákvæðs aga og teymisvinnu taki allan okkar tíma í starfsþróun. Starfsmenn sinna starfsþróun fyrir utan sinn vinnutíma og skila til skólastjóra skýrslu um hvernig þeir hafa varið starfsþróunartíma sínum. Í vinnslu er þriggja ára starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn skólans. Í vetur höfum við nýtt tölvukerfi sem heitir Eloomi til að halda utan um námskeið og efni sem allir starfsmenn skulu kynna sér. Við höldum áfram að þróa þá leið og vinna skv. henni næsta skólaár.

## Skipting skólaársins og námsmat

Skólastarf hófst 24. ágúst. Upphafið var óhefðbundið vegna Covid og hófst skólastarf með þó nokkrar takmarkanir.

Viðtöl voru í byrjun október, þá til að taka stöðuna eins og hún var sl. vor og hvernig byrjunin gengur. Tölvupóstur um gengi nemenda fór heim um miðjan desember og þá gátu foreldrar skoðað hæfnikort þeirra. Á vorönn var ekki hægt að nýta hefðbundin foreldraviðtöl vegna sóttvarnarreglna. Kennarar fóru þá leið að taka nemendaviðtöl og senda í kjölfar þeirra upplýsingapóst heim til foreldra um námslega stöðu, hæfnikortin og samtölin. Í kjölfarið var boðið upp á fjarfundi eða símafundi ef foreldrar vildu. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir.

Nemendur fengu vitnisburðina sína inn í stofu með kennara. Tíundi bekkur var útskrifaður á sal skólans samkvæmt venju og foreldrar buðu upp á kaffi og með því í anddyri skólans, standandi boð. Stór hluti ársins litaðist enn af heimsfaraldrinum Covid-19.

Foreldrar voru upplýstir í gegnum Mentor, feisbókarsíðu og á heimasíðu skólans reglulega.

## Viðbrögð vegna Covid-19

### Skólabyrjun haustið 2020

Kæra samstarfsfólk

Við hefjum skólastarfið á svipuðum nótum og við lukum því í vor.



Það er okkar hlutverk að skipuleggja starfið þannig að öllum sé gert kleift að fylgja reglum almannavarna eftir. Reglurnar eiga ekki við börn fædd 2005 eða síðar en eiga að fullu við um okkur sem hér vinum og **gilda til 15.september.**

### **Gildandi reglur**

- 100 manns með 2m á milli.
- 2m fjarlægðin.
- 20 sek handþvottur.
- Spritt og sótthreinsun.

Öll skipulagning miðar að því að draga úr smithættu eins mikið og unnt er. Það gerum við saman með því að fara eftir þeim fyrirmælum sem okkur eru gefin af yfirvöldum. Notum almenna skynsemi og förum eftir reglunum nú þegar óvissan er mikil, eiginlega meiri en hún var í vor. Við þurfum ekki að vera sammála um leiðirnar en þurfum að sýna öllum tillitssemi og fara eftir því sem sett hefur verið upp. Við erum misjafnlega í stakk búin til að takast á við covid. Þær eru ömurlegar sögurnar “lífið eftir covid”. Margir eru greinilega lengi að ná sér.

Við nýtum teams fyrir öll almenn fundarhöld innan skólans. Að sjálfsögðu geta litlir hópar hist þar sem hægt er að fylgja 2m reglunni.

Áfram sótthreinsum við oft og vel sameiginlega snertifleti starfsmanna s.s hurðarhúna, kaffistofu, ljósritunarvél, síma, vinnustundaripada o.s.frv. Gott líka að nota símann sinn til að skrá í Vinnustundina í stað ipads.

Ágæt venja er að byrja á því þegar inn í skólann er komið að þvo og spritta hendur og gera slíkt hið sama áður en farið út aftur og náttúrulega af og til yfir daginn.

**Reynum að blandast/hittast sem minnst milli teyma og höldum okkur sem mest við getum á “okkar” svæðum.**

### **Skipulagsdagar kennara 17.-21.ágúst**

Í ljósi aðstæðna eru þessi dagar alfarið á ykkar höndum. Þið getið unnið heima ef þið kjósið svo, á kvöldin hér í skólanum eða dagvinnutíma, allt eftir því hvað ykkur hentar best. Eina kvöðin er að skila rúmum 8 tímum á dag sem þið skráið í Vinnustundina. Þeir sem eru á öðrum kjarasamning en kennarar mæta skv. starfshlutfalli sínu á dagvinnutíma.

Starfsmannahristingur verður að bíða betri tíma. En við viljum engu að síður hefja leik á að hitta alla í litlum hópum.



## **Framkvæmd haustsins til 15.september**

- Óhefðbundin skólasetning– skólinn mun senda bréf til foreldra þar um. Ljóst að við verðum ekki öll hér úti með nemendur og foreldra eins og verið hefur.
- Á Covid.is má finna ýmislegt sem gott getur verið að rifja upp m.a. hvernig við tölum við börnin.
- Draga úr umgangi eins og hægt. Lestrarvinir byrja ekki strax. Allir fundir með foreldrum skulu haldnir á fundarherbergi við innganginn að austan og fundarfólk kemur líka þar inn.
- Teymisrýmin tvö verða ekki nýtt, til að byrja með, með þeim hætti sem við vonuðumst til. Þar geta 8 verið inni í einu. Við vinnum að frekari útfærslu á þeirri notkun með það að markmiði að þau verði virkt vinnusvæði.
- Aðeins einn getur unnið í einu í ljósritunarherberginu. Tímapöntun á skráningarblaði hangir fyrir framan.
- Starfsfólk getur nýtt sér mötuneytið en starfsmannaborðið verður ekki í boði um sinn. Borðum við nemendaborðin.
- Fundarhöld með stjórnanda/stjórnendum verða í gegnum Teams.
- Teymin haldi 2m fjarlægð sín á milli, innan teymis.
- Reynum að umgangast færri en fleiri.
- Ef þú ert með einkenni covid, þá halda sig heima og fara í sýnatöku. Ekki koma til vinnu fyrr en þú hefur fengið svar.
- Setjum covid-19 rakningarappið í símann og pössum að það sé kveikt á því.
- Kaffistofa starfsfólks, viðmiðið er 10-12 manns þar á sama tíma.

Teymi 1.-3 er á sínum hefðbundna tíma.

Teymi 4.-7. eiga fyrri frímínúturnar.

Teymi 6.-10. eiga seinni frímínútur .

Annað starfsfólk tekur kaffitíma sína utan frímínútnatímanna.

Án efa finnum við svo saman, taktin í þessu einkennilega vinnuumhverfi og breytum og bætum eftir því sem við á. Við getum þetta.

Í október voru reglur hertar á nýjan leik.



Nú herðum við aðeins tókin frá og með morgundeginum 20. okt fram að haustfrí í ljósi nýrrar reglugerðar og 2m reglunnar. Smitið í X á X var líka áminning um skýrari hólfaskiptingu fyrir okkur. Þetta er margþætt ákvörðun og hún verður aldrei þannig öllum sé gert til geðs en við reynum ávallt að komast að skynsamlegri niðurstöðu og reynum að hafa hana sem minnst íþyngjandi.

Við fækkum snertiflötum enn frekar með eftirfarandi aðgerðum og minnkum líkurnar á því að allur skólinn detti út ef smit kemur upp, þó oft sé það þannig að allir fari í úrvinnslusóttkví í 1-2 daga.

### **Mötuneytið**

Mötuneytið verður eitt sóttvarnarhólf þannig að allir fullorðnir sem fara þangað inn á gæslu með nemendum í mat eiga að bera andlitsgrímur. Frístund þarf þess ekki vegna fjarlægðar við starfsfólk mötuneytisins né heldur skólaliðar sem þrifa af sömu ástæðu.

### **Ljósritunarherbergið er lokað**

Hægt er að senda á ritara ef nauðsynlega þarf að ljósrita og hann sér um það.

### **Bókasafnið**

Er opið fyrir 1.-5.t til 12.00 og frá 13.00 fyrir 6.-10.t. Sótthreinsað er á milli hópa.

### **Tónlistarskóli**

Tónlistarkennarar munu sækja í einkatíma og vera með andlitsgrímur.

### **Deildastjórar**

Best að ná á þeim á **teams**.

Hjálmar er í sóttvarnarhólfi með 6.-10.t.

Ada og Elsa eru í sóttvarnarhólfi með 1.-5.t.



## Atvinna með stuðningi

Verður ekki þennan tíma.

## Leyfi og ferðalög

Þá biðlum við til ykkar að reyna að halda leyfum í lágmarki þar sem við munum ekki færa fólk á milli sóttvarnarhólfa í afleysingar nema í algerrri neyð.

Reglurnar ná ekki til barna fædd 2005 og síðar. Þau mega fara um skólann og á milli staða.

Það hefur dregið úr sameiginlegum viðburðum fyrir nemendur. Við skulum slaka aðeins á námskröfunum og leggja áherslu á félagslega virkni, vellíðan og andlega heilsu nemenda. Notum haustið, litina og fallett veður til útiveru. Börn upplifa streitu öðruvísi en við fullorðna fólkið.

Þið hafið ávallt sýnt stuðning í verki og sýnt börnunum skilning. Það gerið þið vel.

Gætum að verkefnum okkar, of mörg verkefni valda streitu, þösum jafnvægið.

Við seiglumst saman þessar tvær vikur og endurskoðum þetta áður en skólinn hefst aftur eftir haustleyfi 4.nóvember.

Punktur úr væntanlegri reglugerð 20.október

*E. Áttunda samþættinga viðburða með nemni en 20 einstaklingum.  
Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma.  
Þátt færa 1. og 2. hæð og myndum hvernig að hafa allt að 100 manna inni í einu að hafi nafn*

Kæru foreldrar og forráðamenn

Á sunnudagskvöld birti heilbrigðisráðuneytið reglugerð um takmarkanir á skólastarfi. Í kjölfarið höfum við endurskoðað skipulag skólastarfsins frá og með 4. nóvember til 17. nóvember 2020.

Við höfum skipt skólanum niður í hólf/svæði og höfum eins lítil samskipti milli hólfra og við mögulega getum. Við getum vissulega nýtt okkur reynsluna frá því í vor þar sem við erum á svipuðum stað nú.

*Hér fyrir neðan er hægt að sjá skipulag fyrir hvert sóttvarnarhólf:*

### 1. bekkur - gengur inn að austan og fer beint inn í sínar stofur

- Skóladagur 8.15-12.00.
- Ekki verður hafragrautur í boði.
- Hádegismatur heldur sér.
- Ávaxtastund heldur sér.
- Hefðbundin list- og verkgreinakennsla fellur niður.



- Íþróttir og sund falla niður.
- Gera má ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga þegar veður leyfir. Allir þurfa því að vera í góðum útifötum og vel skóaðir fyrir útiveru.

### **2.-3. teymi - inngangar líkt og var í vor. Í kjallara vestan megin.**

- Skóladagur 8.15-12.00. Nánari útfærsla frá kennurum.
- Ekki verður hafragrautur í boði.
- Hádegismatur heldur sér.
- Ávaxtastund heldur sér.
- Hefðbundin list- og verkgreinakennsla fellur niður.
- Íþróttir og sund falla niður.
- Gera má ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga þegar veður leyfir. Allir þurfa því að vera í góðum útifötum og vel skóaðir fyrir útiveru.

### **Frístund**

Frístund verður starfandi fyrir 1.-3. teymi strax að loknum skóla klukkan 12.00. 1. bekkjar teymi verður staðsett á Grænatorgi og teymi 2.-3. verður í Íþróttahöllinni.

Við þurfum að takmarka aðgengi allra inni á þessu svæði og því óskum við eftir að foreldrar komi ekki inn þegar börnin eru sótt. Skilti verður í gluggum frístundar með símanúmerum starfsmanna.

### **4.-5. teymi - ganga inn að austan og ganga beina leið upp á Mána (þeirra svæði)**

- Skóladagur 8.15-12.00.
- Ekki verður hafragrautur í boði.
- Hádegismatur heldur sér.
- Ávaxtastund heldur sér.
- Hefðbundin list- og verkgreinakennsla fellur niður.
- Íþróttir og sund falla niður.
- Gera má ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga þegar veður leyfir. Allir þurfa því að vera í góðum útifötum og vel skóaðir fyrir útiveru.
- Hér er mikilvægt að virða 2m nándarmörkin en nemendur 5.bekkjjar falla undir þau sem og grímu-skylduna ef ekki er hægt að halda fjarlægð. Nemendur 4.bekkjjar munu fylgja sömu tilmælum og nemendur 5.bekkjjar

### **6.-7. teymi - inngangur að vestan og ganga beina leið í sínar stofur.**

- Skóladagur 8.15-12.00.
- Ekki verður hafragrautur í boði.
- Hádegismatur fellur niður.
- Ávaxtastund fellur niður, gott að vera vel nestaður.
- Hefðbundin list- og verkgreinakennsla fellur niður.
- Íþróttir og sund falla niður.



- Gera má ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga þegar veður leyfir. Allir þurfa því að vera í góðum útifötum og vel skóaðir fyrir útiveru.
- Nemendur sem nýta Orkuna - Frístund fá hádegismat í skólanum og fara beint úr skóla í Orkuhúsið.

#### **8.-10. teymi – inngangur að vestan. Mikilvægt að ganga beint upp í sína stofu.**

- Skóladagur 8.15-12.00.
- Ekki verður hafragrautur í boði.
- Hádegismatur fellur niður.
- Ávaxtastund fellur niður, gott að vera vel nestaður. Skólasjoppan verður opin. Nemendur fari ekki í bakarí.
- Hefðbundin list- og verkgreinakennsla fellur niður.
- Íþróttir og sund falla niður.
- Gera má ráð fyrir aukinni útiveru þessa skóladaga þegar veður leyfir. Allir þurfa því að vera í góðum útifötum og vel skóaðir fyrir útiveru.
- Nemendur sem nýta Orkuna-Frístund fá hádegismat í skólanum og fara beint úr skóla í Orkuhúsið.

Mikilvægt er að virða 2m nándarmörk og ganga beina leið inn í þau rými sem hafa verið skilgreind fyrir hvern hóp.

Nemendur 5.-10. b verða að nota grímur á göngum og öðrum sameiginlegum rýmum þar sem hópar blandast og mætast s.s. í anddyri. Nemendur í 8-10.t munu þurfa að nota grímur talsvert. Biðjum ykkur að ræða það heima fyrir. Það er ekki í boði að neita að nota grímu.

Ef nemendur eiga fjölnota grímur þá mælumst við til þess að þær séu nýttar til að draga úr notkun á einnota grímum.

Með hlýjum kveðjum og ósk um áframhaldandi gott samstarf á þessum krefjandi tímum,

Pórgunnur R. Vigfúsdóttir

Skólastjóri Borgarhólsskóla

Í desember var grímuskylda nemenda felld úr gildi.

Frá og með 24. febrúar var heimilaður hámarksfjöldi nemenda 150 í hverju rými og blöndun milli sóttvarnahólfa heimil á öllum skólastigum. Regla um nándarmörk varð 1 metri í stað tveggja og gildi það jafnt milli nemenda og starfsfólks. Ef ekki er hægt að virða 1 metra regluna þarf að bera grímu. Foreldrum, aðstandendum og öðrum utanaðkomandi var heimilt að koma inn í skólabyggingar, að uppfylltum reglum um sóttvarnir. Líkt og áður eru nemendur í 1. til 10. bekk undanskildir reglum um fjarlægðarmörk og grímunotkun. Viðburðir sem tengjast félagsstarfi í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum verða heimilir í skólabyggingum með þeim fjölda og nálægðartakmörkunum sem gilda á viðkomandi skólastigi.



24.mars tilkynnt stjórnvöld nýjar sóttvarnareglur og grunnskólar landsins fóru í snemmbúið páskafrí.

Ný reglugerð um skólahald var birt 4.apríl og gildi til 15. apríl. Nemendur grunnskóla eru undanþegnir bæði grímuskyldu og nálægðartakmörkunum. Hámarksfjöldi í rými er 50 en heimilt að gera undantekningar í sameiginlegum rýmum s.s. í anddyri og mötuneyti.

Starfsfólk skal virða 2 metra regluna eða notast við grímu sé það ekki unnt. Tuttugu starfsmenn mega vera í sama rými. Bæði nemendum og starfsfólki er heimilt að fara á milli hópa og rýma í skólanum. Viðburðir eru heimilir í skólastarfinu með þátttöku nemenda og starfsfólks en engum utanaðkomandi.

Í raun er ekki um breytingu að ræða fyrir nemendur og því verður skólahald með þeim hætti sem frá var horfið fyrir páska. Það er hinsvegar afar brýnt að huga að persónulegum sóttvörnum; þvo hendur reglulega og spritta og virða nálægðartakmörk almennt.

Undir vor breyttust reglur og frelsið jókst örlítið aftur til loka skólaársins.

Við formlegt mat var öllum bekkjum gefin einkunn þar sem kvarðinn A-D var notaður.

Kvarði	Námssvið
<b>A</b>	<b>Framúrskarandi</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs
<b>B</b>	<b>Góð</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<b>C</b>	<b>Sæmileg</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<b>D</b>	Hæfni og frammistöðu í námi <b>ábótavant</b> með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<p><i>Gefnar eru einkunnirnar C+ og B+ þegar hæfni nemanda er mjög nærri því að ná næsta viðmiði fyrir ofan.</i></p>	





Í Borgarhólsskóla eru hæfnikort nýtt yfir veturinn og geta foreldrar þá fylgst með mati kennara jafnt og þétt.



## Teymin

### 1. bekkur

#### Íslenska

##### *Námsgögn:*

- Ýmsar barnabækur og fræðibækur af bókasafni.
- Lestarlandið – vinnubók 1+ og 2+
- Skrift 1
- Verkefnabækur búnar til af kennurum skólans úr bókum vikunnar.
- Ýmis kennsluforrit í spjaldtölvum.

##### *Kennslutilhögun:*

Kennt eftir aðferðum byrjendalæsis þar sem unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun sem eina heild. Bækur af ýmsu tagi lesnar fyrir nemendur og unnið með þær á margvíslegan hátt og bókstafir lagðir inn.

Unnið á fjölbreyttan hátt t.d. einstaklingsvinna, paravinna og í fjölbreyttum hópum. Einstaklingsmiðað nám.

##### *Námsmat:*

Símat jafnt og þétt yfir veturinn og stuttar kannanir.

Lesfimiþróf 2-3 yfir veturinn.

Tove Krogh

#### Stærðfræði

##### *Námsgögn:*

- Sproti 1a og 1b og æfingahefti
- Viltu reyna
- Talnabók - búin til af kennurum
- Ýmis kennsluforrit í spjaldtölvum.

##### *Kennslutilhögun:*

Bein kennsla, hringekja og hópavinna.

##### *Námsmat:*

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat og börnin tóku kannanir.

#### Samfélags- og náttúrufræði

##### *Námsgögn:*

- Komdu og skoðuðu umhverfið
- Komdu og skoðuðu líkamann
- Blómin á þakinu: íslensku húsdýrin – verkefnahefti unnið af kennurum
- Undrið (atburðir adventu, jólahátíðar og páska)
- Bækur af bókasafni sem tengdust viðfangsefni hverju sinni

##### *Kennslutilhögun:*

Unnið var í þemavinnu þar sem við tengdum viðfangsefnin við íslensku (byrjendalæsi).

Unnið var á fjölbreyttan hátt t.d. einstaklingsvinna, paravinna og í fjölbreyttum hópum. Einnig í góðu samstarfi við listgreinakennara.



### **Námsmat:**

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat.

### **Jákvæður agi**

#### **Námsgögn:**

- Pakklætisbók
- Ýmis verkefni búin til að kennurum skólans og fengin annarstaðar frá.

#### **Kennslutilhögun:**

Við byrjuðum hvern kennsludag í heimakrók þar sem farið var yfir daginn, komandi verkefni og stundum voru mál á dagskrá.

Við fórum á bekkjarfundi reglulega þar sem ákveðin viðfangsefni voru tekin fyrir og stundum voru mál á dagskrá.

#### **Námsmat:**

Fylgst með börnunum í tímum og umsögn skilað.

### **Upplýsingatækni**

#### **Námsgögn:**

Osmo og ipad

#### **Kennslutilhögun:**

Reglulegir bókasafnstímar hjá Magga þar sem þeim varkennt að taka bækur á bókasafninu. Farið í litlum hópum í verkefni í ipad.

#### **Námsmat:**

Símat.

### **Viðburðir**

- Göngudagurinn fórum í sund
- Baráttudagur gegn einelti
- Þemadagar -jafnrétti
- Verkstæðisdagurinn óhefðbundinn, fönðrað inn í stofu og kósýdagur
- Litlu jólin í stofu og dansað í kringum tré á teymissvæði.
- Heimsóknir leikskólabarna til okkar og við til þeirra.
- Sungið á skólasamkomu í maí
- Fórum í heimsókn á svæði 2.-3. bekkjar til að undirbúa nemendur fyrir færslu þangað næsta haust.
- Vordagar – nýttum góða veðrið í útiveru. Buslað í skrúðgarði, skógarferð, froðurennibraut og frjáls leikur í útiveru.
- Sundkennsla í maí.



## Teymi 2.-3.

### Íslenska

#### Námsgögn:

Í íslensku var unnið með fjölbreytta gæðatexta og alls konar verkefni unnin, bæði bókleg og verkleg. Einnig var unnið í námsbókum eins og Litlu Lesrúnu, Ritrónu og Skrift.

#### Kennslutilhögun:

Unnið er eftir aðferðum byrjendalæsis. Lögð er áhersla á gæðatexta og fjölbreytta vinnu með hann þar sem unnið er að markmiðum íslenskunnar. Kennt er í fjölbreyttum hópum innan árgangsins. Mikil áhersla á að vinna að ákveðnum markmiðum hverju sinni.

#### Námsmat:

Námsmat fór fram reglulega yfir veturinn. Fylgst var með börnunum í verkefnavinnu og börnin unnu ýmis verkefni sem voru metin.

### Stærðfræði

#### Námsgögn:

Sproti 2a, 2b, 3a og 3b

Stærðfræðispæjarar 1 og 2

#### Kennslutilhögun:

Kennt í þemavinnu. Allir nemendur fengu innlögð í hverju efni og kynntust öllu námsefni vetrarins.

#### Námsmat:

Námsmat var reglulega yfir veturinn. Fylgst með vinnu nemenda og stuttar kannanir.

### Samfélags- og náttúrufræði

Samþætting íslensku, samfélags- og náttúrugreina í 2. og 3. bekk

#### Námsgögn:

Alls konar bækur og textar, skáldsögur og fróðleikur. Söngtextar og efni af vef. Stafir, spil, pappír og fleira til föndurs.

#### Kennslutilhögun:

Nemendum var kennt í árgangaskiptum hópum að mestu. Af og til voru hringekjur þar sem nemendum var blandað á milli árganga í fjölbreyttri vinnu. Mikil áhersla var lögð á föndur og skapandi vinnu.

#### Námsmat:

Símat yfir veturinn. Kennarar fylgdust með vinnu og hæfni nemenda og skráðu hjá sér. Mikil áhersla lögð á að nemendur kynnist fjölbreyttu efni en ekki lögð áhersla á utanbókarnám.

### Upplýsingatækni

#### Námsgögn:

Ipadar

#### Kennslutilhögun:

Ipadar notaðir í kennslu og uppbroti. Heimsóknir á bóksafn.

#### Námsmat:

Símat.



## **Jákvæður agi**

### ***Námsgögn:***

Handbók um jákvæðan aga

Lausnahjól nemenda

Bekkjarsáttmáli

### ***Kennslutilhögun:***

Fyrstu 15 mínúturnar á morgnana fóru í spjall og jafnvel hrós- eða þakklætishring. Farið yfir daginn saman í rólegheitum. Bekkjjarfundir mjög reglulega þar sem unnið var að markmiðum jákvæðs aga.

### ***Námsmat:***

Símat

Fylgst með samskiptum og framförum í þeim.

## **Enska**

### ***Námsgögn:***

Textar, myndaorðabækur og verkefni af MMS. Hefti útbúið að kennara með hliðsjón af hæfniviðmiðum.

### ***Kennslutilhögun:***

Nemendum var kennt í árgangaskiptum hópum að mestu í ensku en af og til voru hringekjur þar sem nemendum var blandað á milli árganga í einföldum verkefnum, enskuleikjum og Kahoot. Að jafnaði fengu nemendur um 30 mínútur á viku í ensku.

### ***Námsmat:***

Símat yfir veturinn. Kennarar fylgdust með vinnu og hæfni nemenda og skráðu hjá sér. Farið yfir verkefnahefti reglulega. Áhersla á að byggja upp orðaforða og skilning.

## **Viðburðir**

- Sundkennsla að hausti
- Göngudagur 15. september. 2. og 3. bekkur fóru í skóginn og í leiki á vellinum.
- Dótakósýdagur 28. október.
- Verkstæðisdagur 4. des.
- Litlu jólin 18. des.
- Öskudagur 17. febrúar. Ball á sal.
- Útivistardagur 15. feb. 2. og 3. bekkur fór með sleða og þoturassa í Melinn.
- 2. bekkur sýndi á sal 21. apríl.
- Þemaverkefni um hvali í apríl. Allir nemendur heimsóttu hvalasafnið.
- Skólasamkoma 12. og 14. maí. 3. bekkur var með hljóðfæraatriði á vegum Tónlistarskólans.
- Allir saman í Holt 27. maí í góðu veðri.
- Sundkennsla að vori
- Sápurenibraut og samvera 3. júní. 2. bekkur fór með 1. bekk og 3. bekkur með 4. bekk.



## Teymi 4.-5.

### Íslenska

#### Námsgögn:

Lesrún og Ritrún

Málrækt 1 og 2

Skrift

Aðalagað efni

Sagan af Bláa hnettinum

ipad

Nearpod

Kahoot

Víti í vestmannaeyju

Orðspor 1

Ljósritað hefti með málfræðiverkefnum.

Ljósrituð lesskilningsverkefni

Orð af orði lestrar-og vinnubók

Skriftarbækur

Hljóðbókasafn

Benjamín Dúfa

#### Kennslutilhögun:

Veturinn byggðist á sjálfstæðri vinnu þar sem nemendur réðu í hvaða röð þeir unnu verkefni sem þeir áttu að leysa. Einnig vorum við með innlagnir þegar nýtt efni var tekið fyrir og í framhaldinu unnu nemendur verkefni á sínum hraða. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í hópum.

Prufuðum Nearpod, þetta voru gagnvirk verkefni þar sem nemendur unnu einstaklingslega.

Bookcreator verkefni, nemendur útbjuggu bók um sig sjálf.

Ýmis öpp, fjölbreytt öpp sem nemendur unnu í.

Kahoot, nýttum kahoot í málfræðikennslu þar sem nemendum var skipt upp í þör svöruðu ýmsum málfræðisurningum.

Verkefni aðlöguð fyrir þá sem þess þurftu

Kennarar lásu upp texta og nemendur svöruðu spurningum, oft voru þetta munnleg verkefni.

Nemendur með lesgreiningu nýttu hljóðbókasafn í yndislestri meðan aðrir lásu.

#### Námsmat:

Verkefni metin yfir veturinn

Kannanir:

Orðarún lesskilningskönnun, haust og vor

Lesfimi lestrarkönnun tekin í september, janúar og maí.

20 orðin stafsetningarkönnun tekin haust og vor

Málfræðikönnun tekin haust og vor.

#### Stærðfræði

#### Námsgögn:

- Sproti 4a og 4b



- Sproti 3b
- Sproti æfingarhefti (2a, 2b, 3a, 3b)
- Minecraft
- Stika 1a og 1b.
- Stefnum að margföldun, Stefnum að deilingu, Viltu reyna, í undirdjúpunum, stærðfræðibækur í flokki pláneta.
- Öpp í Ipödum

### ***Kennslutilhögun:***

Kennarar voru með innlagnir í byrjun hvers kafla.

Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í hóp eftir áætlunum.

Verkefni voru aðlöguð fyrir þá sem þurftu.

Stærðfræðileikir voru þó nokkuð notaðir: svo sem skrímslaspil, poppspil og fleira.

Ýmis stærðfræðiöpp voru notuð svo sem stærðfræðibingo og öpp þar sem reikniaðgerðirnar fjórar voru þjálfaðar. Einnig vorum við með samvinnuverkefni í einstaka köflum og gerðum stærðfræðiverkefni í gegnum Minecraft.

### ***Námsmat:***

Kaflapróf

Miðsvetrarpróf og vorpróf

Stutt vorkönnun

### **Samfélags- og náttúrufræði**

#### ***Námsgögn:***

Reikistjörnurnar

Íslensku húsdýrin

mms.is/íslensku húsdýrin

Ísland hér búum við

Sögueyjan 1

Lífríki úr sjó

### ***Kennslutilhögun:***

Nemendur unnu verkefnahefti bæði í námsefninu um húsdýrin og himingeimnum. Einnig voru unnin fjölbreytt verkefni þar notast var við hlustun, samvinnuverkefni, listsköpun, ritun og vefsíður sem tengdust efninu.

Ísland hér búum við : Kennarar ýmist lásu upp fyrir nemendahópinn úr lesbókinni eða hlustað var á lesbókina af vef mms.is Í verkefnabók unnu nemendur ýmist einir, í pörum eða í hópverkefnum í bókinni. Einnig unnu nemendur verkefni upp úr bókinni í Kahoot og í Nearpod. 5. bekkur vann verkefni úr fyrstu 4 köflum bókarinnar Sögueyjan 1. Hópnum var skipt í nokkra hópa og fékk hver hópur ákveðinn kafla til að vinna með. Nemendur luku vinnunni með sameiginlegu verkefni sem hengt var upp á Mána.

### ***Námsmat:***

Símat (vinnusemi og þátttaka í verkefnum)

Verkefnabók metin



## **Enska**

### **Námsgögn:**

Speak out

Work out

Hickory

Dickory

Dock

Build up lestrar-og verkefnabók

Portfolio topic books lestar og verkefnabækur

Ljósrituð verkefni

### **Kennslutilhögun:**

Hópnum var skipt í tvennt eftir því hvar nemendur voru staddir í ensku. Í námsefninu Build up og Speak out eru hlustunaræfingar, verkefnavinna og samtalsæfingar. Nemendur unnu ýmist einstaklingsverkefni eða samvinnuverkefni. Leikir - samtalsleikir og lífsleiknileikir. Nemendur unnu sjálfstætt í ýmsum verkefnaheftum. Osmo var töluvert notað í öðrum hópnum.

Ýmis gagnvirk öpp voru notuð og ýmsar síður svo sem: games to learn english, learn english kids og fleira. Innlagnir voru notaðar þegar nýtt efni var kynnt.

Námsefni var aðlagð að nemendum eftir þörfum.

### **Námsmat:**

Símat, þar sem nemendur gerðu nokkur verkefni og kannanir yfir önnina sem notuð voru í námsmat.

## **Jákvæður agi**

### **Námsgögn:**

Handbók um jákvæðan aga

Bökin frá Vöndu

### **Kennslutilhögun:**

Haldnir voru bekkjarfundir. Farið í samvinnuleiki. Haldnir lausanfundir

Námsráðgjafi vann sérstaklega með samskipti í stúlknaþópn í fjórða bekk í vetur.

### **Námsmat:**

Þátttaka og virkni á bekkjarfundum metinþ

## **Upplýsingartækni**

### **Námsgögn:**

Ipadar, rafróbók og ýmis öpp

### **Kennslutilhögun:**

Við vorum með ipad tíma einu sinnu í viku þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni sem tengdust því sem við vorum að vinna í námsgreinunum hverju sinni.

### **Námsmat:**

Símat

### **Viðburðir**





- Göngudagur 15. september. 4. og 5. bekkur gengu niður að bryggju, þaðan í átt að sjó-böðunum og yfir á frísbívöllinn. Þaðan var gengið að hesthúsunum í Traðargerði í skóginn, að Hól og til baka gegnum skrúðgarðinn að skólanum.
- Dagur gegn einelti: 5. bekkur vann verkefni um vináttu og horfði á fræðslumyndbönd um einelti og myndina: Katla gamla
- Verkstæðisdagurinn 4. desember, var með breyttu sniði vegna Covid og var haldinn innan teymisins í 4. og 5. bekk að þessu sinni. Settar voru upp nokkrar fönurstöðvar í fjórum stofum þar sem nemendur gátu farið á milli og fönrað ýmislegt.
- Litlu jólin voru 18. desember
- Nemendur 5. bekkjar voru með mismunandi tónlistaratriði frá tónlistarskólanum á skóla-skemmtuninni í maí.
- Hvalaskóli: 5. bekk var boðið á Hvalasafnið 17. maí og tók Garðar Þróstur á móti hópnum og gaf leiðsögn um safnið. 18. maí fórum við í Hvalaskoðun í boði Norðursiglingar. Fremur kalt var í veðri og nokkur undiralda.
- Leikjadagur var í síðustu skólavikunni, þar sem 4. og 5. bekk var blandað í hópa og unnið var með námsleiki, samvinnuleiki og hópefli.
- Tækja - og dótadagur var í síðustu skólavikunni og máttu nemendur koma með dót eða tæki að heiman. Nemendur máttu velja sér stofu og leika í frjálsum leik.
- Skólinn bauð upp á froðurennibraut á sundlaugartúninu, í síðustu skólavikunni.
- Hjóla/sveitaferð 19.mai hjá 4. bekk. Hjólað var frá skólanum upp í Grobbholt, þaðan var síðan hjólað út á gólfvöll og borðað nesti. Síðan var hjólað út í Saltvík og farið á hestbak og borðað nesti. Síðan hjóluðum við til baka í skólann. Ferðin var um 12-14 km og fóru 20 nemendur.

## Teymi 6.-7.

### Íslenska

#### Námsgögn:

- Orðspor 2
- Orðspor 3 lesbók og vinnubók
- Smellur 2 og 3
- Fólkið í blokkinni
- Krakinn sem hvarf
- Málfræðihefti frá kennara
- Yndislestrarbækur
- Skrift
- Orð af orði
- Kappsmál - þættir á ruv
- Orðbragð - þættir á mms
- Astrópía - kvikmynd

#### Kennslutilhögun:

Unnið eftir áætlun í Orðspori og Smelli þar sem unnið er með lestur, lesskilning, málfræði og stafsetningu.



Fólkið í blokkinni. Bókin lesin í kennslustundum með nemendum og unnið í verkefnahefti. Horfðum á þættina í lokin og unnum hópverkefni þar sem þrívíddarpennar voru samtvinnuðir með.

Málfræðihefti - unnin á forsendum hvers og eins.

Yndislestur amk 3 daga vikunnar og lestrardagbók skilað 2

Horft á Kappsmál nokkrum sinnum

Horft á Orðbragð á viðfangsefni sem tengdust því sem verið var að læra.

Horfðum á íslensku kvikmyndina Astrópía eftir umfjöllun um spil og hlutverkaleiki.

### **7.b**

Töflukennsla

Bein kennsla

Vinnubókarvinna

Hópavinna

Leikir

Upplestur og heimalestur

### **Námsmat:**

Lestrardagbók

Málfræðikannanir

Ritunarverkefni

Viðtalsverkefni - sjálfsmat

Lesskilningsverkefni

Vinna og virkni í kennslustundum

### **7.b**

Skrifleg próf

Lesskilningspróf

Lesfimiþróf

Stafsetningarpróf

Samræmt próf

Áhugasviðsritgerð

### **Stærðfræði**

### **Námsgögn:**

- Stika 2a og 2b (grunnbók og æfingahefti)
- Stika 3a og 3b (grunnbók og æfingahefti)
- Stjörnubækur
- Kennsluforrit í ipad
- Spil
- Kennsluforrit í stærðfræði
- Ýmis viðbótarverkefni

### **Kennslutilhögun:**

Kaflaáætlanir sem innihélt dagsskipulag, einstaklingsmiðað.

Sameiginlegar innlagnir eftir hvern kafla og þegar byrjað var á einhverju nýju.

### **7.b**

Bein kennsla/innlögn

Umræður

Hópavinna



Leikir  
Vinnubókarvinna  
Verkleg kennsla  
Samvinna

***Námsmat:***

fjölbreytt eftir köflum. Samvinnuverkefni, einstaklingsverkefni, heimapróf.

Leikir/þrautir  
Kaflapróf  
Miðannarpróf  
Vorpróf  
Samræmt próf  
Samvinnupróf  
Heimapróf/verkefni  
Námsgagnapróf  
Þátttaka í umræðum  
Vinnubókarvinna  
Munnlegt próf

**Samfélagsfræði/Saga**

***Námsgögn:***

- Norðurlöndin (Lesbók+grunnbók)
- Trúarbragðafræði: Islam, Gyðingadómur, Ásatrú, Kristin trú, Búddatrú, Bahái trú, Kínversk trúarbrögð, siðmennt og mannréttindi.
- Húsavík frá upphafi til dagsins í dag

***Kennslutilhögun:***

Innlögn og umræður

Glósur og verkefnavinna

Nemendur útbjuggu verkefnabók fyrir hvert námsefni sem þau notuðu til að glósa í, svara spurningum og vinna ýmis verkefni.

Hópvinna í Húsavík - tímaás

***Námsmat:***

Sjálfsmat og mat kennara á verkefnabók.

Vinnusemi og áhugi.

Þátttaka í umræðum

Þemaverkefni

**Náttúrufræði**

***Námsgögn:***

- Líf á landi
- Auðvitað heimilið
- Auðvitað á ferð og flugi

***Kennslutilhögun:***



Innlagnir, glósur, umræður og verklegar æfingar.

Nemendur útbjuggu verkefnabók sem þau myndskreyttu, glósuðu í og unnu allskyns verkefni.

Bein kennsla

Vinnubókarvinna

Myndbönd af neti

Umræður

Verkleg kennsla

### ***Námsmat:***

Verkefnabækurnar voru metnar af nemendum, foreldrum og kennurum

Áhugi og þátttaka í tímum.

Heimapróf

### **Jákvæður agi**

- Handbók um jákvæðan aga
- Verkfærakistan frá Vöndu
- Málefni líðandi stundar, samfélagsmiðlar, fjölmiðlar.

### ***Kennslutilhögun:***

Fastir tímar að morgni (15 mínútur)

Bekkjarfundur 1x í viku skv. stundaskrá og aukalega eftir þörfum.

Umræður

Verkefnavinna

Leikir

### ***Námsmat:***

Þátttaka í umræðum

Þátttaka í diskóundirbúningi og á diskóunum sjálfum

Þátttaka í skólaleikriti

Hópavinna

### **Enska**

#### ***Námstögn:***

- Ready for action
- Málfræði A
- The Polar express
- Jumanji
- Build up
- Billy Elliot lesbók + kvikmynd
- Mrs. Doubtfire lesbók + kvikmynd
- Ýmiss gögn frá kennara
- Verkefni af netmiðlum og gagnvirkaræfingar

#### ***Kennslutilhögun:***

Kennt 2 í viku. Hlustað á texta, hann þýddur og verkefni unnin eða umræður.

Hlustunaræfingar

The Polar express lesin í desember, horft á myndina og verkefnahefti unnið.



Jumanji. Horfðum á myndina og nemendur gerðu kvikmyndagagnrýni samþætta við íslensku. Lásu síðan bókina saman. Verkefnahefti unnið.

Nemendur unnu Málfræði A á sínum forsendum. Hver á sínum hraða og tóku kaflapróf eftir hvern kafla.

Nemendur með lestrarörðugleika unnu þetta munnlega.

7.b

"Tveir kennarar kenndu nemendum í tveimur hópum á miðvikudögum.

Á mánudögum var einn kennari með nemendur í tveimur hópum á móti stærðfræði.

Unnið var að mestu með grunnbókina Build up á miðvikudögum, í henni eru fjölbreytt verkefni sem taka á fjölbreyttum þáttum enskunnar, svo sem málfræði, hlustun og lesskilning. Á mánudögum var lögð áhersla á bókmenntir og önnur verkefni. Las kennari fyrir nemendur að hluta og nemendur ýmisst upphátt til skiptist eða sjálfir í hljóði. Verkefni voru unnin upp úr bókunum bæði munnleg og ritun.

Unnið var með orðaforða á ýmsa vegu svo sem gagnvirkar æfingar á netinu, munnlega og ljósrit unnin. "

**Námsmat:**

Þátttaka og virkni í kennslustundum.

Verkefnavinna

Málfræðikannanir

Munnlegt próf

7.b

Námsmat var í formi símats þar sem kennarar fóru yfir verkefni nemenda jafnóðum, þá var hlustunarpróf lagt fyrir.

**Danska**

**Námshögn:**

START

Ýmist efni fundið/búið til af kennara

**Kennslutilhögun:**

Kennslustundir voru 45 - 60 mínútur á viku.

Markmið dönskukennslu í 7. bekk í vetur var að kveikja áhuga nemenda á dönsku. Var það gert með ýmsum námsleikjum og verkefnum. Efnisþættirnir voru ákvarðaðir út frá START en þeir voru: Sjálfkynning; Líkaminn; Fatnaður og litir; Dagarnir; Fjölskyldan; Tölurnar. Við horfðum svo á kvikmyndina Tempelriddernes skat.

**Námsmat:**

Í vetur var stuðst við símat. Eitt próf var lagt fyrir.

**Upplýsingatækni**

**Námshögn:**

- Verkefni gerð af kennara.
- Word



- Powerpoint
- Ipadar
- Tæknilegó

### ***Kennslutilhögun:***

Innlögn og sameiginlegar umræður.

Nemendahópnum var skipt í tvennt í hverjum tíma. Helmingur vann verkefni í tölvum og hinn í Ipöðum.

Verkefni unnin eftir verkefnalýsingum.

### ***Námsmat:***

Verkefnavinna.

Þáttaka og vinnuframlag.

### **Viðburðir**

Skólaferðalag á Raufarhöfn

Samræmd próf 24.-25. september

Diskó fyrir 5.-7. bekk

Stóra upplestrarkeppnin hjá 7. bekk

Útivistardagur – farið á skíði

Leikrit 7. bekkjar á skólasamkomu

Skólaferðalag 7. bekkjar, 3.-4. júní 2021

## **8.bekkur**

### **Íslenska**

#### ***Námsgögn:***

- Námsgögn
- Málið í mark, fallorð
- Vertu ósýnilegur
- Gunnlaugs saga ormstunga
- Kveikjur
- Netskrafl
- Kvikmyndir: Amma Hófí og Órói
- Orðbragðspættir, fastir liðir eins og venjulega, Kappsmál
- Ýmis önnur verkefni frá kennara

### ***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar sáu um íslenskukennslu í 8. bekk og var bekknum oftast skipt upp í tvo hópa en þó var það aðeins misjafnt eftir viðfangsefni. Ásamt því höfðu nemendur kost á að vinna að verkefnum tengdum íslensku í vinnustundum sem eru alla daga vikunnar í 30 mín í senn. Lögð var áhersla á



talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að þess með fjölbreyttum kennsluaðferðum, svo sem fyrirlestur, umræðu- og spurnaraðferð, samvinnunámi, einstaklingsmiðuðu námi og beinni kennslu. Einnig var mikil áhersla á yndislestur, þar sem nemendur lásu hvern einasta dag í um 15-20 mín og skiluðu lestrardagbók aðra hverja viku. Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár og voru markmiðin kynnt áður en byrjað var að vinna með þau.

### ***Námsmat:***

Lestrardagbók  
Veggspjaldagerð  
Stutt ritgerð  
Ritunarverkefni  
Kannanir  
Umræðuhópar

### **Stærðfræði**

#### ***Námsgögn:***

- Átta-tíu 1
- Átta-tíu 2
- Skali 1a
- Skali 1b
- Almenn stærðfræði II
- Almenn stærðfræði III
- Ýmis verkefni frá kennurum

#### ***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar sáu um stærðfræðikennslu 8. bekkjar og var hópnum oftast skipt upp í tvo námshópa. Kennt var þá í tveimur kennslustofum. Kennslustundir voru fjórar á viku. Auk þess höfðu nemendur möguleika á að vinna í stærðfræði í vinnustundatímum sem voru fimm sinnum í viku, hálf tími í senn. Markmiðum ársins var skipt niður í kafla og fengu nemendur áætlun yfir hvernig vinnunni skyldi háttað í kringum hvern kafla. Á áætlununum kom fram að hvaða markmiðum var verið að vinna, hvað átti að vinna vikulega og hvernig námsmatinu yrði háttað. Í upphafi hvers tíma var ýmist innlögð á töflu þar sem nemendur tóku glósur, upprifjun eða umræður. Farið var í námsleiki og -spil, horft á myndbönd, unnar gagnvirkar æfingar, einstaklings-, para- eða hópverkefni.

#### ***Námsmat:***

Námsmat var í lok hvers kafla eða u.þ.b. mánaðarlega yfir allt skólaárið. Námsmat var nokkuð fjölbreytt; einstaklingskannanir teknar í skóla, heimaverkefni og samvinnu- og hópverkefni. Allt námsmat var skráð í hæfnikort á Mentor.



## Samfélagsfræði

### *Námsgögn:*

- Um víða veröld - Heimsálfur
- Efni af netmiðlum
- Ýmiss verkefni frá kennurum

### *Kennslutilhögun:*

Tveir kennarar voru með hópinn og voru kennslustundirnar 1x50 mín. og 1x60 mín. á viku. Stundum var allur hópurinn saman í einni stofu en stundum var þeim skipt í tvo námshópa í tvær stofur. Kennarar voru með fyrirlestra og verkefnavinnu þar sem nemendur ýmisst unnu sjálfstætt eða í hópum. Unnið var með heimsálfurnar og farið ýtarlega í umfjöllun um þær. Í lok skólaársins var farið yfir Seinni heimsstyrjöldina og viðfangsefni hennar.

### *Námsmat:*

Námsmat var í formi verkefnavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur unnu ýmist einir eða í litlum hópum verkefni sem tengdust viðfangsefninu. Má nefna ritun, fyrirlestra með Sway eða Power Point, verkefni unnin á One Note og gagnvirkar æfingar á netinu.

## Náttúrufræði

### *Námsgögn:*

- Námsgögn
- Lífheimurinn - námsbók.
- Námsfni útbúið af kennurum.
- Efni á netinu; s.s. Youtube og Vísindavefurinn.
- Kvikmyndin Contagion
- Kvikmyndin The Martian

### *Kennslutilhögun:*

1 x 60 mín og 1 x 50 mín í viku, allur hópurinn í senn. Nemendur höfðu einnig þann möguleika að vinna verkefni í vinnustundum, sem eru 30 mínútur daglega. Viðfangsefni 8. bekkjar voru aðallega stjörnufræði, líffræði og næringarfræði. Reglulega var uppbrot í námsfni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að nemendum þætti áhugavert. Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, heimildavinna, verkleg kennsla, umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

### *Námsmat:*

Sway-verkefni um sólkerfið.

Hlaðvarpsverkefni upp úr The Martian.

Valverkefni um sjúkdóm.





Verkefni um spendýr.

Matardagbók.

Stutt verkefni í kennslustundum.

## **Upplýsingatækni**

### ***Námsgögn:***

- Verkefni útbúin af kennara fyrir Office365 (Outlook, Word, PowerPoint og Teams)
- Verkefni og námsefni í upplýsingatækni af mms.is
- Vélritun (<https://10fastfingers.com/>)
- Social Network (kvikmynd)
- arcade.makecode.com (tutorials)

### ***Kennslutilhögun:***

Kennari var einn. Nemendur voru í tveimur hópum og mættu einu sinni í viku, klukkustund í senn. Unnin voru verkefni í tölvustofu.

### ***Námsmat:***

Verkefni og vinna í tímum og lokaverkefni í lok annar. Lokamat að vori í bókstöfum.

## **Enska**

### ***Námsgögn:***

- Spotlight 8 lesbók & vinnubók
- Braveheart lesbók
- Wonder lesbók
- Kvikmyndirnar Coach Carter & Wonder
- Efni af netmiðlum
- Ýmiss námsgögn frá kennurum

### ***Kennslutilhögun:***

"Tveir kennarar skiptu með sér tveimur námshópum eftir viðfangsefni. Sem dæmi á meðan annar fór yfir málfræði fór hinn yfir bókmenntir. Hóparnir fengu tvo 60 mín. tíma á viku.

Í vetur voru tekin fyrir tvö bókmenntaverkefni þar sem bækurnar Wonder og Braveheart voru lesnar. Kennari las stundum fyrir nemendur en stundum lásu nemendur sjálfir. Þeir unnu verkefni upp úr bókunum.

Málfræðin var unnin þannig að nemendur glósuðu, ýmist á blað, í Word eða á One Note, eftir því hvað hentaði hverjum og einum, ræddu við kennara um málfræðireglur og unnu verkefni þeim tengd. Lögð voru fyrir kannanir og sagnapróf.



Kvikmyndaverkefni var unnið þar sem nemendur völdu sér kvikmynd til að kynna ýmisst einir eða í hópum.

Unnið var með lestur, ritun, hlustun og áhorf á ýmsa vegu, sem og gagnvirkar æfingar á netinu.

***Námsmat:***

Námsmat var fjölbreytt þar sem tekin voru fyrir ákveðin viðfangsefni í hvert sinn jafnt og þétt yfir skólaárið. T.d. orðaforðakannanir, hlustunarpróf, ritunarverkefni, veggspjaldagerð og málfræðikannanir.

**Danska**

***Námsgögn:***

- START, lesbók og vinnubók.
- SMART, lesbók og vinnubók.
- Ýmis verkefni frá kennara.
- Skyldig I og II

***Kennslutilhögun:***

Dönskutímar voru tvær klukkustundir á viku. Í öðrum tímanum var einn kennari og var hópnum þá kennt í tvennu lagi. Í hinum tímanum voru kennarar tveir og var hópnum þá kennt í einni stofu. Efnisþátturinn sem tekinn var úr START var Mit hjem. Úr SMART voru kaflarnir: Nu spiser vi og Skolen. Í lestri textanna í bókinni var áhersla lögð á lesskilning og orðaforða. Málfræðikennsla fléttaðist inn í nánast alla kennslu en sérstaklega var lögð áhersla á, kyn og greini nafnorða. Þá var nemendum kennt að lesa beygingar orða í rafrænni orðabók. Auk þessa var horft á þáttaraðirnar Skyldig I og Skyldig II.

***Námsmat:***

Unnir voru margvísleg verkefni bæði einstaklingslega og í hópum, svo sem: myndbandsgerð, samtalsæfingar, hlustunarpróf, lesskilningpróf og smærri verkefni unnin í kennslustundum. Allt námsmat var skráð í hæfnikort á Mentor.

**Kastljós**

***Námsgögn:***

- ***Námsefni útbúið af kennurum.***

***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar með eina 60 mín kennslustund á viku. Allur hópurinn í senn.

***Námsmat:***

Frammistaða í kennslustundum metin sem hluti samfélagsgreina.



## Jákvæður agi

### Námsgögn:

- Handbók Jákvæðs aga
- Verkfæri Vöndu
- Annað efni fundið af kennara

### Kennslutilhögun:

Fjóra morgna hitti árgangurinn umsjónarkennara sína í korter. Oft var bekkjarfundur þar sem kennarar voru með umræðupunkta. Farið var yfir ýmis mál sem komu upp og einnig voru mál tekin fyrir þar sem nemendur þurftu að tjá sig og segja sína skoðun fyrir framan hópinn. Farið var yfir skipulag dagsins og vikunnar.

### Námsmat:

Þátttaka í umræðum.

## 9. bekkur

### Íslenska

### Námsgögn:

- Málið í mark, sagnorð.
- Mýrin.
- Laxdæla saga.
- Neistar.
- Heimir.
- Netskrafl, orðavinda.
- Kvikmyndirnar Mýrin og Órói. Orðbragðsþættir.
- Ýmis önnur verkefni frá kennara.

### Kennslutilhögun:

Tveir kennarar sáu um íslenskukennslu 9. bekkjar og var nemendum skipt upp í tvo námshópa. Kennslustundir voru fjórar í viku en auk þess áttu nemendur kost á að vinna að íslenskuverkefnum í vinnustundum sem voru fimm sinnum í viku, hálf tími í senn. Lögð var áhersla á lestur og bókmenntir, talað mál og hlustun, ritun og málfræði. Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár. Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar og eftir viðfangsefninu hverju sinni. Sem dæmi má nefna fyrirlestra, umræður og spurnaraðferðir, einstaklingsmiðað nám, hópvinna, verkefnavinna og yndislestur. Námsmat var reglulega yfir skólaárið og nokkuð fjölbreytt. Nemendur unnu einstaklingsverkefni, hópverkefni, samvinnuverkefni og þá skiluðu nemendur lestardagbók hálfsmánaðarlega þar sem lestur og ritun var metin.

### Námsmat:

Lestrardagbók.

Ritgerð og ritanir.



Framsagnarverkefni.

Kynningar.

Kannanir.

## **Stærðfræði**

### ***Námsgögn:***

- Átta-tíu 3
- Átta-tíu 4
- Almenn stærðfræði II
- Almenn stærðfræði III
- Ýmis verkefni frá kennurum

### ***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar sáu um stærðfræðikennslu 8. bekkjar og var hópnum oftast skipt upp í tvo námshópa. Kennt var þá í tveimur kennslustofum. Kennslustundir voru fjórar á viku. Auk þess höfðu nemendur möguleika á að vinna í stærðfræði í vinnustundatímum sem voru fimm sinnum í viku, hálf tími í senn. Markmiðum ársins var skipt niður í kafla og fengu nemendur áætlun yfir hvernig vinnunni skyldi háttað í kringum hvern kafla. Á áætlununum kom fram að hvaða markmiðum var verið að vinna, hvað átti að vinna vikulega og hvernig námsmatinu yrði háttað. Í upphafi hvers tíma var ýmist innlögð á töflu þar sem nemendur tóku glósur, upprifjun eða umræður. Farið var í námsleiki og -spil, horft á myndbönd, unnar gagnvirkar æfingar, einstaklings-, para- eða hópverkefni.

### ***Námsmat:***

Námsmat var í lok hvers kafla eða u.þ.b. mánaðarlega yfir allt skólaárið. Námsmat var nokkuð fjölbreytt; einstaklingskannanir teknar í skóla, heimaverkefni og samvinnu- og hópverkefni. Allt námsmat var skráð í hæfnikort á Mentor.

## **Samfélagsfræði**

### ***Námsgögn:***

- Um víða veröld - Heimsálfur
- Efni af netmiðlum
- Ýmiss verkefni frá kennurum

### ***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar voru með hópinn og voru kennslustundirnar 1x50 mín. og 1x60 mín. á viku. Stundum var allur hópinn saman í einni stofu en stundum var þeim skipt í tvo námshópa í tvær stofur. Kennarar voru með fyrirlestra og verkefnavinnu þar sem nemendur ýmisst unnu sjálfstætt eða í hópum. Unnið var með heimsálfurnar og farið ýtarlega í umfjöllun um þær. Í lok skólaársins var farið yfir Seinni heimsstyrjöldina og viðfangsefni hennar.



### **Námsmat:**

Námsmat var í formi verkefnavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur unnu ýmist einir eða í litlum hópum verkefni sem tengdust viðfangsefninu. Má nefna ritun, fyrirlestra með Sway eða Power Point, verkefni unnin á One Note og gagnvirkar æfingar á netinu.

### **Náttúrufræði**

#### **Námsgögn:**

- Mannlíkaminn - námsbók.
- Maður og náttúra - námsbók.
- Efni á netinu; s.s. Youtube og Vísindavefurinn.
- Námsfni útbúið af kennara.

#### **Kennslutilhögun:**

1 x 60 mín og 1 x 50 mín í viku, allur hópurinn í senn. Nemendur höfðu einnig þann möguleika að vinna verkefni í vinnustundum, sem eru 30 mínútur daglega. Viðfangsefni 9. bekkjar voru aðallega erfðafræði og mannlíkaminn. Reglulega var uppbrot í námsefni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að nemendum þætti áhugavert. Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, heimildavinna, verkleg kennsla, umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

### **Námsmat:**

Lokaverkefni í erfðafræði.  
Lokaverkefni um mannlíkamann.  
Stutt verkefni í kennslustundum.

### **Upplýsingatækni**

#### **Námsgögn:**

- Verkefni útbúin af kennara fyrir Office365 (Outlook, Word, PowerPoint og Teams)
- Verkefni og námsefni í upplýsingatækni af mms.is
- Vélritun (<https://10fastfingers.com/>)
- Social Network (kvikmynd)
- [arcade.makecode.com](http://arcade.makecode.com) (tutorials)

#### **Kennslutilhögun:**

Kennari var einn. Nemendur voru í tveimur hópum (kynjaskipt) og mættu einu sinni í viku, stúlkur fengu eina klukkustund en drengir 50 mínútur vegna vinnustundar. Unnin voru verkefni í tölvustofu.

### **Námsmat:**

Verkefni og vinna í tímum og lokaverkefni í lok annar. Lokamat að vori í bókstöfum.



## Enska

### *Námsgögn:*

- Spotlight 9 lesbók og vinnubók
- Forrest Gump lesbók
- Love Actually lesbók
- Kvikmyndirnar Forrest Gump og Love Actually og The Sixth sense.
- Efni af netmiðlum t.d gagnvirkar æfingar.
- Ýmis námsgögn frá kennurum.

### *Kennslutilhögun:*

Tveir kennarar sáu um ensku kennslu í 9. bekk. Hópnum var skipt upp í tvo námshópa og var því einn kennari með hvern hóp. Ásamt einum stuðningsfulltrúa. Kennslustundirnar voru tvær á viku 50 mín í senn. Ásamt þeim höfðu nemendur möguleika á að vinna í efninu í vinnustundum sem voru alla daga vikunnar í hálf tíma í senn. Í vetur lögðum við meðal annars áherslu á bókmenntir og lestur, ritun, hlustun og málfræðiþjálfun. Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár og voru markmiðin kynnt fyrir nemendum áður en byrjað var að vinna að þeim. Þær kennsluáðferðir sem oftast var unnið út frá voru fyrirlestrar, umræðu- og spurnaraðferðin, samvinnunám, heimildarvinna, einstaklingsnám, bein kennsla ofl.

### *Námsmat:*

Námsmat var fjölbreytt þar sem lögð var áhersla á að námsmatið væri einstaklingsmiðað. Námsmati var sinnt yfir allt skólaárið og miðast við þau markmið sem unnið var með. Námsmatið var t.d. orðaforðakannanir, málfræðikannanir, hlustunarpróf, ritunarverkefni, einstaklingsverkefni og hópverkefni þar sem nemendur fengu oftast val um hvernig verkefninu var skilað. (veggspjald, munnleg skil, rafræn skil, myndband)

## Danska

### *Námsgögn:*

- SMIL, lesbók og vinnubók.
- Onde mobilfotos, smásaga og verkefnahefti.
- Ýmis verkefni frá kennara.
- Kvikmyndir og þættir: Tempelriddernes skat II og III, Midsommer, Store drømme

### *Kennslutilhögun:*

Dönskutímar voru tvær klukkustundir á viku. Í öðrum tímanum var einn kennari en hinum tveir. Nemendum var oftast kennt í sitt hvoru lagi. Efnisþættir sem teknir voru úr SMIL: Tøj og tilbehør; Læs, se og hør; Jeg elsker Danmark. Í lestri textanna í bókinni var áhersla lögð á lesskilning og



orðaförða. Málfæðikennsla fléttaðist inn í nánast alla kennslu en sérstaklega voru tíðir sagna, kyn og greinir nafnorða og spurnarfornöfn tekin fyrir. Nemendur lásu léttlestrarbókina Onde mobilfotos og unnu verkefnahefti frá kennara. Auk þess var horft á þáttaröðina Store drømme og kvikmyndirnar Tempelriddernes skat I, Tempelriddernes skat II og Midsommer

**Námsmat:**

Unnir voru margvísleg verkefni bæði einstaklingslega og í hópum, svo sem: myndbandsgerð, samtalsæfingar, hlustunarpróf, lesskilningpróf og smærri verkefni unnin í kennslustundum. Allt námsmat var skráð í hæfnikort á Mentor.

**Kastljós**

**Námsgögn:**

- Námsfni útbúið af kennara.

**Kennslutilhögun:**

Tveir kennarar með eina 60 mín kennslustund á viku. Allur hópurinn í senn.

**Námsmat:**

Frammistaða í kennslustundum metin sem hluti samfélagsgreina.

**Jákvæður agi**

**Námsgögn:**

- Handbók Jákvæðs aga
- Verkfæri Vöndu
- Annað efni fundið af kennara

**Kennslutilhögun:**

Á hverjum morgni hitti árgangurinn umsjónarkennara sína í korter. Oft var bekkjarfundur þar sem kennarar voru með umræðupunkta. Farið var yfir ýmis mál sem komu upp og einnig voru mál tekin fyrir þar sem nemendur þurftu að tjá sig og segja sína skoðun fyrir framan hópinn. Farið var yfir skipulag dagsins og vikunnar.

**Námsmat:**

Þátttaka í umræðum.

**10. bekkur**

**Íslenska**

**Námsgögn:**

- Málið í mark, óbeygjanleg orð



- Englar alheimsins
- Laxdæla saga
- Mér er í mun
- Logar
- Kvikmyndir: Englar alheimsins og Ég man þig
- Orðbragsþættir, Fastir liðir eins og venjulega, Kappsmál
- Netskrafl
- Ýmis önnur verkefni frá kennara

### ***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar sáu um íslenskukennslu í 10. bekk og var bekknum oftast skipt upp í tvo hópa en þó var það aðeins misjafnt eftir viðfangsefni. Ásamt því höfðu nemendur kost á að vinna að verkefnum tengdum íslensku í vinnustundum sem eru alla daga vikunnar í 30 mín í senn. Lögð var áhersla á talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að þess með fjölbreyttum kennsluaðferðum, svo sem fyrirlesturum, umræðu- og spurnaraðferð, samvinnunámi, einstaklingsmiðuðu námi og beinni kennslu. Einnig var mikil áhersla á yndislestur, þar sem nemendur lásu hvern einasta dag í um 15-20 mín og skiluðu lestrardagbók aðra hverja viku. Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár og voru markmiðin kynnt áður en byrjað var að vinna með þau.

### ***Námsmat:***

Lestrardagbók  
Ritgerð  
Ritunarverkefni  
Framsöguverkefni  
Kannanir  
Umræðuhópar

### **Stærðfræði**

#### ***Námsgögn:***

- Átta-tíu 5
- Átta-tíu 6
- Almenn stærðfræði II
- Almenn stærðfræði III
- Skali 3b
- Ýmis verkefni frá kennurum

### ***Kennslutilhögun:***





Tveir kennarar sáu um stærðfræðikennslu 10. bekkjar og var hópnum oftast kennt öllum saman. Þegar verkefni eða viðfangsefni voru þess eðlis var hópnum skipt í tvennt í innlögnum. Kennslustundir voru fjórar á viku en auk þess höfðu nemendur möguleika á að vinna í stærðfræði í vinnustundatímum sem voru fjórum sinnum í viku, hálf tími í senn. Markmiðum ársins var skipt niður í kafla og fengu nemendur áætlun yfir hvernig vinnunni skyldi háttað í kringum hvern kafla. Á áætlununum kemur fram að hvaða markmiðum er verið að vinna, hvað eigi að vinna vikulega og hvernig námsmatinu er háttað. Í upphafi hvers kafla var innlögn á töflu og nemendur tóku glósur. Nemendur unnu svo ýmist einstaklingslega, í pörum eða litlum hópum við lausn verkefna. **Námsmat:**

Námsmat var í lok hvers kafla eða u.þ.b. mánaðarlega yfir allt skólaárið. Námsmat var nokkuð fjölbreytt; einstaklingskannanir teknar í skóla, heimaverkefni og samvinnu- og hópverkefni. Allt námsmat var skráð í hæfnikort á Mentor..

## **Samfélagsfræði**

### ***Námsgögn:***

- Á ferð um samfélagið - námsbók
- Efni af netmiðlum
- Námsfni útbúið af kennara.

### ***Kennslutilhögun:***

2 x 60 mín í viku, einn kennari með allan hópinn í senn. Nemendur höfðu einnig þann möguleika að vinna verkefni í vinnustundum, sem eru 30 mínútur daglega. Viðfangsefni 10. bekkjar voru aðallega lífsleikni, félagsmótun, menning og samfélag, fjölskyldan, trúarbrögð, stjórnsmál, viðmið og frávík og saga. Reglulega var uppbrot í námsefni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að nemendum þætti áhugavert. Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, heimildavinna, umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

### ***Námsmat:***

Ritunarverkefni "Hver er ég?".

Trúarbragðaverkefni.

Munnlegt stjórnsmálafræðiverkefni.

Fjölskylduverkefni

Söguritun.

Stutt verkefni í kennslustundum.



## Náttúrufræði

### Námsgögn:

- Efnisheimurinn - námsbók.
- Maður og náttúra - námsbók.
- CO2 framtíðin í okkar höndum - námsbók.
- Eðlisfræði 2 - námsbók.
- Námsefni útbúið af kennurum.
- Efni á netinu, s.s. Youtube og Vísindavefurinn.
- Áhöld í verklega kennslu.

### Kennslutilhögun:

1 x 60 mín og 1 x 50 mín í viku, allur hópurinn í senn. Nemendur höfðu einnig þann möguleika að vinna verkefni í vinnustundum, sem eru 30 mínútur daglega. Viðfangsefni 10. bekkjar voru aðallega erfðafræði, efnafræði, eðlisfræði og umhverfisfræði. Reglulega var uppbot í námsefni og fjallað um efni sem kennari taldi líklegt að nemendum þætti áhugavert. Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, heimildavinna, verkleg kennsla, umræðu – og spurnaraðferðir og samvinnunám.

### Námsmat:

Lokaverkefni í erfðafræði

Frammistaða í verklegum æfingum og skýrsluskrif.

Kynning um endurnýjanlegan orkugjafa

Stutt verkefni í eðlis- og efnafræði.

## Enska

### Námsgögn:

- Spotlight 10 lesbók og vinnubók
- Murder on the Orient Express lesbók
- Kvikmyndirnar Murder on the Orient Express, She's all that og Social Dilemma
- Efni af netmiðlum t.d. gagnvirkar æfingar
- Ýmis námsgögn frá kennurum.

### Kennslutilhögun:

Tveir kennarar sáu um ensku kennslu í 10. bekk. Hópnum var skipt upp í tvo námshópa og var því einn kennari með hvern hóp. Kennslustundirnar voru tvær á viku 60 mín í senn. Ásamt þeim höfðu nemendur möguleika á að vinna í efninu í vinnustundum sem voru alla daga vikunnar hálf tíma í senn. Í vetur lögðum við meðal annars áherslu á bókmenntir og lestur (þar sem lesið var fyrir nemendur og þeir einnig látnir lesa), ritun, hlustun, framsögn og málfræðiþjálfun. Unnið var út frá



markmiðum aðalnámskrár og voru markmiðin kynnt fyrir nemendum áður en byrjað var að vinna að þeim. Þær kennsluáðferðir sem oftast var unnið út frá voru fyrirlestrar, umræðu- og spurnar-áðferðin, samvinnunám, heimildarvinna, einstaklingsnám, bein kennsla ofl.

### ***Námsmat:***

Námsmat var fjölbreytt þar sem lögð var áhersla á að námsmatið væri einstaklingsmiðað. Námsmati var sinnt yfir allt skólaárið og miðast við þau markmið sem unnið var með. Námsmatið var t.d. orðaforðakannanir, málfræðikannanir, hlustunarpróf, ritunarverkefni, framsöguverkefni, einstaklingsverkefni og hópverkefni þar sem nemendur fengu oftast val um hvornig verkefninu var skilað. (veggspjald, munnleg skil, rafræn skil, myndband)

## **Danska**

### ***Námsgögn:***

- EKKO, lesbók og vinnubók.
- Kort og godt, smásögur.
- Den lille og den store viser, smásaga.
- Ýmis verkefni frá kennara.
- Kvikmyndir og þættir: Midsommer, Blinkende lygter, Dicte.
- Málfræðiglósur, nafnorð, sagnorð og spurnarorð. Málfræðiverkefni frá kennara.

### ***Kennslutilhögun:***

Tveir dönskutímar á viku. Bekknum var kennt í einum hópi, kennari og stuðningsfulltrúi. Lögð var áhersla á að nemendur ynnu saman að þeim viðfangsefnum sem lögð voru fyrir þá. Ýmist var það að kennari skipti í vinnuhópa eða nemendur gerðu það sjálfir. Í desember voru kennslubækur lagðar til hliðar og aðeins unnin jóla-verkefni. Ýmis verkefni unnin sem tengjast jólum og jólahaldi, bæði á Íslandi og í Danmörku.

### ***Námsmat:***

Hópverkefni og einstaklingsverkefni. Ritunarverkefni. Munnleg verkefni af ýmsum toga. Kynnningar. Hlustunarverkefni og lokaverkefni. Hæfnikort í Mentor.

## **Kastljós**

### ***Námsgögn:***

- Námssefni útbúið af kennara.

### ***Kennslutilhögun:***

Tveir kennarar með eina 60 mín kennslustund á viku. Allur hópurinn í senn.

### ***Námsmat:***



Frammistaða í kennslustundum metin sem hluti samfélagsgreina.

### **Jákvæður agi**

#### ***Námsgögn:***

- Handbók Jákvæðs aga
- Verkfæri Vöndu
- Annað efni fundið af kennara

#### ***Kennslutilhögun:***

Fjóra morgna í viku hittu nemendur 10. bekkjar umsjónarkennara sinn í 15 mínútur. Þessi tími var oftast nýttur til að fara yfir daginn eða ræða málefni líðandi stundar. Mikill tími fór einnig í fjáröflunarumræðu og skipulag henni tengdri. Ekki var unnt að raða upp í bekkjarfundaform á þessum tíma og því sátu nemendur í sínum sætum.

#### ***Námsmat:***

Þátttaka í umræðum.

### **Viðburðir á unglíngastigi**

Göngudagur 15. Sept. Hólmatungur-Vesturdalur

Haustsigling

Verkstæðisdagur 4. des

Jólaþema 17. og 18. des

Ball á vegum 10. bekkjar 29. jan

Silja Rún, forvarnarfulltrúi með kynningu. 18. maí

Liðakeppni - íþróttadagur föstud. 21. maí

Árshátíð 27. maí

Vordagar - tveir uppbrotsg dagar 3. og 4. júní



## Skólaípróttir, list og verkgreinar

### Tónmennt

**1.bekkur** 1.bekkur kom tvisvar í viku í hálf tíma hver hópur. Námsmat er í formi símats. Í tímum er mikið sungið og hlustað á tónlist. Unnið er með námsefni eftir Hólmsfríði S. Ben þar sem solfakerfi og fuglar eru samtvinnaðir. Farið er í klappleiki, stafleiki, hlustað á Karnival dýranna svo dæmi séu tekin. Nemendur sungu í tvígang fyrir íbúa Skógarbrekku. Nemendur lærðu nokkra zumba dansa og ásadans.

### Heimilisfræði

**2.-3. bekkur** Heimilisfræði var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 10 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Við notuðum bækurnar Hollt og gott 2, Heimilisfræði 3 og Ungafólkið og eldhússtörfín. Við reyndum að byggja á þessum bókum og áherslu á hreinlæti og mikilvægi hollrar næringar. Verkefni vetrarins voru meðal annars: T.d. Vöfflur, kryddbrauð, slöngupylsur, kjötbollur, lummur, muffins, brauðbollur, regnbogasúpa, sítrónukaka, trallakökur, holubrauð, kókoskúlur, hafrabita, bananabrauð, brauðbakstur við opinn eld.

Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

**4.-5. bekkur** Kennt var í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Í vetur voru aðallega notaðar Gott og gagnlegt 1, Hollt og gott 3, Heimilisfræði 4 sem dekla fjölbreyttar uppskriftir og bóklega vinnu þar sem áhersla er lögð á næringarefni ávaxta og grænmetis, umhverfisvernd og þvott. Verkefni vetrarins voru meðal annars: T.d. vöfflur, kryddbrauð, ítalskar kjötbollur, hjónabandssæla, pasta, lummur, eggjabrauð, perukaka, núðlusúpa, hafragrautur, fiskur í eigin soði, kókoskúlur, hnútar, afmælis muffins, eplakaka, sumarbrauð, sparikökur, grill og bakstur við opinn eld. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

**6.-7. bekkur** Kennt var í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 11 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Í vetur notuðum við Gott og gagnlegt 2 + vinnubók, Gott og gagnlegt 3 + vinnubók, Ungafólkið og eldhússtörfín, Sorpið okkar og nokkrar af bókum Hagkaupa. Áhersla var á góða nýtingu á orkugjöfum heimilissins, minnka og stækka uppskriftir. Sjálfbærni og náttúruvernd, fylla út næringartöflur, fæðuflokkana, orkuefnin, meðferð og geymslu matvæla, örverur og virkni þeirra, kornvörur og krydd. Verkefni vetrarins voru meðal annars: pönnukökur, brauðvafningar, chilifiskur, hjónasæla, tebollur, mexico-kjötréttur, smábrauð, eggjakaka, minestronesúpa, kanilsnúðar, súkkulaðikaka, gerbrauð, kryddkaka, framandi fiskur, rúgskonsur, nautapottréttur með



pasta, súkkulaði kókoskúlur m/perlusykri, partybollur, welsbollur, skrautbrauð, skúffukaka, pylsu-spjót, rúlluterta. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

### **Val 8.-10. bekkur.**

#### ***Heimilisfræði***

Í vetur vorum við blandaða hópa úr þessum bekkjum og fórum yfir flestar aðferðir við bakstur og reyndum að elda fjölbreitt bæði kjöt og fisk. Kynntum okkur aðeins kínverska matargerð.

Skemmtilegt var líka að leyfa krökkunum að takast á við að elda úr völdum hráefnum án uppskrifta og skapa allt sjálf. Verkefni vetrarins voru meðal annars: medesterpalsa með kartöflumús, silungs-réttur með brauði, skúffukaka, kryddstangir, pönnukökur, muffins, fiskbollur, skinkuhorn, kínverskur kjötréttur með ostrusósu og grænmeti, skapa sjálf hakkrétt án uppskriftar, sírópstygglar, kínverskur núðluréttur. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

#### ***Heilbrigði og velferð***

Í vetur vorum við með blandaðan hóp úr 8 - 10 bekk. áhersla var á holla hreyfingu og skemmtileg verkefni í eldhúsi. Verkefni vetrarins voru meðal annars: amerískar pönnukökur, kótelettur, silingusmáltíð, útbúa rjómatertu, rjómatertu skreytingakeppni, rjómobollur, kleinur, lambasteik, self made kjúklingaréttur, gulrótarkaka. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

#### **Smíðar**

**2.-3.bekkur** Kennt var í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 10 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars: hönnun og smíði leikfangabáts, leynikassi, kertastjaki, tangramspil, tálgun, smjörhnífur, lyklakippa eða bókamerki úr leðri og verkefni eftir eigin hugmynd/áhuga. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**4.-5.bekkur** Kennt var í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars: vinna með horn og bein, tálgun, hönnun og smíði pennastatífs, Teikning í PAINT (samvinnuverkefni textilmennt), blaðagámur (skreyttur eftir eigin hugmyndum, gerðum stensil með vinylskeranum), standani púsl, frjálst verkefni. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.



**6.-7.bekkur** Kennt var í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 11 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars: brauðbretti eftir eigin hugmynd, þorratrog (skreytt eftir eigin hugmyndum, gerðum stensil með vínylskeranum), frjálst verkefni. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

### **Val 8.-10. bekkur**

*Smíðaval* var kennt 1 klst í viku báðar annir. Hópurinn var blandaður úr öllum árgöngum og samanstóð af 8-10 nemendum. Verkefni vetrarins voru hönnun og smíði lampa og verkefni eftir eigin hugmynd/áhuga. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

*Límmiðar - val* var kennt 1 klst í viku báðar annir. Hópurinn var blandaður úr öllum árgöngum og samanstóð af 6-7 nemendum. Verkefni vetrarins voru grunnatriði í Inkscape og Vinylmaster, hönnun og vinnsla límmiða í Inkscape (breyta mynd í vektórmynd, bæta við texta, bæta við eða eyða nodes osfrv.), vinnuferill frá eigin teikning í límmiða, vinna með vínylskerann og hitapressunni. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

### **Textílmenn**

**2.-3.bekkur** Textílmenn var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 10 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: létt vefverkefni, handabréður, bangsagerð og vélsaumuð pennaveski. Ásamt frjálsum verkefnum. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**4.-5.bekkur** Textílmenn var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: Sundpoki saumaður með vél-saum,útsaumur til skreytingar og mynd skorin út í textílfilmu . ( Notuðum forritið paint að teikna mynd sem var svo skorin út í textílfilmu) . Nemendur þæfðu kúlur og gerðu úr þeim dýr . Ásamt frjálsum verkefnum. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**6.-7.bekkur** Textílmenn var kennd í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 11 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: viskastykki skreytt með stimplum sem gerðir voru úr dúkristun. Koddaver vélsaumað og skreytt með silkiþrykkingu með



fatalit. Notuðum internetið til að finna myndir til þrykkingar og gerður stensil í vinylskera. Ásamt frjálsum verkefnum. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

### **Val 8.-10. bekkur**

**Listasmiðja** var kennd 1 klst í viku báðar annir. Hópurinn var blandaður úr öllum árgöngum. Verkefni vetrarins voru: veski sem nemendur hönnuðu sjálfir, skreyttu með stimpli sem þau útbjuggu með dúkristun. Nemendur lærðu að festa rennilás og fódra veskið. Frjáls hönnun á sínum óróa. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

### **Sjónlistir**

**1. bekkur** Sjónlistir voru kenndar 1,5 klst á viku. Nemendum var skipt í misstóra hópa. Allir fengu 1/2 klst á viku. Stundum var í boði að velja sjónlistir á móti öðrum verkefnum hjá bekkjarkennurum og vera í 1 klst. Verkefni vetrarins voru meðal annars: Bekkjarsáttmáli, Húsavík bærinn minn Haustið – litatónar, Frumformin, Sjálfsmynd, Geisladiskafiskur, Klippiverkefni úr gömlum bókum Fuglar himinsins, Gluggamyndir teiknaðar á plast, Moominálfarnir, Munsturverkefni, Leikur að perlum. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

**2.-3. bekkur** Sjónlistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hóparnir samanstóðu af 8-12 nemendum og voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: "Bekkjarsáttmáli, Moominálfarnir, Laufblaðaverkefni, Leirsnigill, leirskál, sjálfsmynd, Munsturgerð, Regnboginn, Klippiverkefni úr gömlum bókum, Málað á gamlar bækur, Ormar og frumlitirnir, Jákvæða einveran mín og Skilaboðaskjóðan. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

**4.-5. bekkur** Sjónlistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hóparnir samanstóðu af 9-13 nemendum og voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru sjálfsmynd, andlitsmynd í anda Pablo Picasso Moominálfarnir, litahringurinn, Skilaboðaskjóðan, málað á gamlar bækur, tilfinningahjólíð Skrímsli, munsturverkefni, leirverkefni, geisladiskalistaverk, leikur að perlum. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

**6.-7. bekkur** Sjónlistir voru kenndar í 6 vikur, 3 klst í viku. Hóparnir samanstóðu af 9-11 nemendum og voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: andlitsmynd í anda Pablo Picasso





Moominálfarnir Litahringurinn -ýmis verkefni, málað á gamlar bækur, leirverkefni, munsturverkefni, leikur að perlum, geisladiskalistaverk, furðufuglar úr flöskum og pappadiskum. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

### Forritun

**6.-7. bekkur** Kennt var í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 11 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars: Verkefni á [studio.code.org](http://studio.code.org), verkefni á [codecombat.com](http://codecombat.com), Tölvuleikjahönnun á [arcade.makecode.com](http://arcade.makecode.com), Þrautabrautir með Sphero kúlum. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi og virkni í kennslustund.

### Stopmotion

**2.-3. bekkur** Stopmotion var kennd í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 11 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru að búa til Stopmotion video notandi fékk opinn efnivið.

**4.-5. bekkur** Stopmotion var kennd í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 10 – 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru að búa til Stopmotion video notandi fékk opinn efnivið.

**6.-7. bekkur** Stopmotion var kennd í 5 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 8 – 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Námsmat er í formi símats. Verkefni vetrarins voru Kvikmyndagerð. Læra að segja sögu með myndmáli, klippa video og taka upp. Skila videoverki sem sýnir fram á að myndmál sé notað. Nemendur fengu að velja sér verkefni. Allt frá animation til stuttmyndagerðar.

### Íþróttir

#### 1. - 7. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku hjá 4.- 7. bekk og tvær 60 mín hjá 1.- 3. bekk. 1. – 3. bekkur komu í íþróttir hver bekkur fyrir sig. Tímarnir voru settir upp á ýmsa vegu, allir saman eða skipt í hópa og verkefni eftir því. Stundum ákváðu kennarar hvað ætti að vera í hverju hólfi og fengu nemendur að velja sér hólf og einstaka sinnum var frjálst og fengu nemendur þá að gera það sem þeim datt í hug.



Reynt var eftir fremsta megni að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Æfingaforritið Sideline er miðlægur gagnagrunnur á netinu sem er notaður til að halda utan um tímaseðla. Þar liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins og síðustu ára.

Námsmat samanstendur af: færni mældri með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

### **8. – 10. bekkur**

8. - 10. bekkur var einu sinni í viku í íþróttum, 60 mín. í senn, hvor bekkur fyrir sig. Þeir nemendur 10. bekkjar sem luku markmiðum 10. bekkjar í sundi í upphafi skólaárs gátu valið um auka íþróttatíma eða sund. Flestir völdu auka íþróttir.

Reynt var að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

Æfingaforritið Sideline er miðlægur gagnagrunnur á netinu sem er notaður til að halda utan um tímaseðla. Þar liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins og síðustu ára.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.

### **Sund**

#### **1. – 3. bekkur**

2. og 3. bekkur kom á sundnámskeið í september 10 skipti alls. 1., 2. og 3. bekkur kom á sundnámskeið í enda vors, 1. bekkur í 2 vikur (alls 10 skipti) og 2.-3. bekkur í 3 vikur (alls 14 skipti). Hver kennslustund var 40 mín. Bekkirnar komu í hópum, íþróttakennarar voru tveir að kenna og stuðningur kom með ef þurfti. 1. bekk var skipt upp í 3 hópa. 2. og 3. bekkur komu í tveimur hópum. Farið var í ýmsa leiki og grunntækni. Tímaseðlar eru geymdir á OneDrive.

Námsmat samanstendur af: færni mæld með prófum (stuðst við gömlu sundstigin), niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í Mentor og birt á fjölskylduvef. Virkni, frumkvæði og vinnubrögð auk samskipta bæði við samnemendur og kennara.



## 4. – 7. bekkur

## 8. – 10. bekkur

Uppsetning tímanna er hefðbundin, kennum tækni og þol í bland með ýmsum æfingum. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Tímaseðlar eru geymdir á OneDrive.

## Val

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Notast er við hugtakið skylduvalgreinar. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglíngastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa. Eitt af hlutverkum skólaráðs er að fjalla um stefnumótun og sérkenni skóla og þar með framboð valgreina í grunnskóla. Við ákvörðun um framboð og fjölbreytni valgreina er mikilvægt að taka mið af staðháttum, menningu og sögu nærsamfélagsins. Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám.

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi enda falli það að markmiðum skólastarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla.

Í sumum valgreinum er miðast við lágmarksfjölda nemenda. Nemandi velur sér valgreinar til áramóta og velur sér aftur til vors. Val nemanda er bindandi. Það er mikilvægt að halda vel utan um skyldunám nemenda. Framboðið er mikið og geta nemendur valið milli 26 mismunandi valkosta. Hver nemendi þarf að hafa a.m.k. eina list- og verkgrein í sínu vali. Námskrá gerir ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verk tengdu námi.

Heimilisfræði og smíðar eru þær valgreinar sem nemendur velja helst auk þess að fá íþróttir metnar. Aukin ásókn er í atvinnutengt nám utan skóla. Við framkvæmd val í skylduvalgreinar var notað nýtt kerfi sem var hannað þannig að fyrstur kemur, fyrstur fær. Það þarfnast endurskoðunar enda féll það ekki í kramið meðal foreldra. Það vaknaði sú spurning hvers vegna nemendur þurfa að fá undirskrift foreldra á valgreinablaðið sitt.

Valkostir á skólaárinu:

- Tónlistarnám
- Textílmennt
- Skólahreysti
- Stöðvahringur
- Heimilisfræði
- Snyrtifræði
- Hljómsveit
- Íþróttir
- Límmiðar
- Heilbrigði & velferð

- Ljósmyndun
- Þýska
- Skapandi tækni
- Félagsmál
- Smíðar
- Starf í Frístund/Miðjunni
- Leirgerð
- Minecraft
- Hjólað um Húsavík
- Jóga
- Kvikmyndaval
- Leiklist
- Leikrit metið (10. b.)
- Undirbúningur fyrir ökunám (10. b.)
- Heimspeki
- Unglingadeild bj.sv. Garðar, Náttfari.

## Stuðningur við nám

Við skólann störfuðu í vetur tveir sérkennarar, einn þroskajálfi sem einnig er deildarstjóri stoðþjónustu, iðjubjálfi, tíu stuðningsfulltrúar og að auki bættust við tveir stuðningsfulltrúar um miðjan janúar til skólaloka. Einn kennari sinnti kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál frá febrúar. Þessi starfsmenn voru í misháum starfshlutföllum, samtals 12 stöðugildi. Einnig nýttust til uppfyllingar á kennsluskyldu tímar inn í teymum í 2.-5. bekk og 8.-10. bekk og tímar sérgreinakennara, samanlagt um 24 kennslustundir á viku.

Samsetning nemendahópsins kallar á fjölbreytta kennslu og þjálfun. Metnaður hefur verið lagður í að koma til móts við þarfir nemenda af fagmennsku, með fjölbreytni og samstarfi að leiðarljósi. Greiningar og ráðgjöf sérfræðinga, skimanir ásamt faglegu mati kennara og annarra starfsmanna liggja til grundvallar aðlöguðum kennsluáætlunum.

Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings eða sérkennslu á einn eða annan hátt voru í vetur í kringum 60 eða um 21%. Misjafnar ástæður lágu þar að baki. Sum börn þurftu fullan stuðning, önnur börn unnu eftir aðlöguðum áætlunum og enn önnur fengu stuðning á stuttum námskeiðum. Með teymiskennslu hafa skil á milli almennrar kennslu, sérkennslu og stuðnings minnkað. Aukið flæði er á milli þessarar kennslu, námi nemenda og starfsmanna. Hvert teymi er samsett af almennum kennurum og þeim sem sjá um sérkennslu og stuðning. Markmiðið er að starfsmenn hvers teymis kenni helst eingöngu í sínu teymi og kenni öllum nemendum. Kennsla í litlum breytilegum hópum hefur aukist, þar sem samsetning hópsins getur verið af ýmsum toga. Því er lögð áhersla á það í skólanum að draga úr því að skilgreina hvað sé sérkennsla og hvað sé almenn kennsla.

Í vetur héldum við áfram að bjóða markvisst uppá opna tíma í list- og verkgreinum á öllum stigum bæði fyrir nemendur sem finna styrkleika sína þar og/eða þurfa á uppbroti í skóladaginn að halda einnig fyrir aðra nemendur til að auka fjölbreytni í námi. Þessir tímar hafa gefist afar vel og stefnum við á að halda þeim áfram. Á unglingsstigi var boðið upp á útikennslu þar sem áhersla var lögð á nærumhverfið, útiveru og áhugasvið nemendanna.



## Aðrar skýrslur

### Heimasíða og Mentor

Á heimasíðu Borgarhólsskóla er að finna upplýsingar um ýmislegt er varðar skólastarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, skólareglur, námsvísar og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns og fleira er á síðunni. Einnig eru fréttir úr skólastarfinu settar á heimasíðuna í hverri viku. Veffangið er: <http://www.borgarholsskoli.is>.

Mentor er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang að Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, hæfniviðmið og heimavinnu. Veffangið er: <http://www.mentor.is>.

### Bókasafn

Skólasafnið var mikið notað af nemendum í vetur og voru kennarar duglegir að senda þá til að sækja bækur séstaklega 2. og 3. bekkur, vinna í tölvum eða bara til að slaka á.

Einn nemandi úr 7. bekk og 1 úr 1. bekk áttu nokkuð fastan tíma á safninu.

Síðan fékk eg hópa úr 1. bekk sem ég las fyrir. (Hringekja)

Í frímínútum var alltaf opið og sóttust ákveðnir hópar unglinga eftir því að vera á safninu þá.

Opnunartími var frá 8.00 til 14.00 mánud., til fimmtudags og föstudaga þá var opið til 12.00

Aðeins undirritaður var starfsmaður safnsins.

Í safninu eru 9723 bókatitlar Heildarskráning upb. 10186 (þ.e. eintök sem eru skráð)

Útlán á skólaárinu í gegnum kerfi Gagnis voru ca.7064 bækur, tímarit og spil.Fækkun frá síðasta ári.

Helsta vinna á safninu er að sjálfsögðu útlán og samskipti við nemendur og kennara sem voru góð í alla staði.

Svo var mikið um hópa frá kennurum sem voru frá vinnu.

Alltaf þarf að afskrá einhverjar bækur og blöð sem eru illa farin eða ekki verið lánaðar í mörg ár . Afskráðir voru 592 titlar.

Nýskráningar bóka,blaða, mynda og spila voru 471 titlar. Skiptist þannig: keypt 365, fengið að gjöf 106.

Safnið var áskrifandi að Disneybókum. Bækurnar eru með CD.

Þá bættist við að skrá fartölvur sem nemendur unglíngastígs fengu afhentar í byrjun skólaárs. Allar skiluðu þær sér á safnið og er það vel.



Skólaárið 2020-2021 sinnti Kristín Helgadóttir starfinu sem faglærður náms- og starfsráðgjafi í 80% stöðuhlutfalli. Hún hefur starfað til margra ára sem grunnskólakennari og lauk starfsréttindum í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 2009.

Nemendur skólans voru 293 talsins í 1.-10. bekk og nutu um 129 nemendur (44% nemenda skólans) ráðgjafar og stuðnings námsráðgjafa, um lengri eða skemmri tíma í einstaklings- og/eða hópráðgjöf. Einnig sá námsráðgjafi um fræðslu og þjálfun í félagsfærni og hópefli í 4. bekk (stúlkur) og 6. bekk (stúlkur) ásamt náms- og starfsfræðslu í 7. og 10. bekk. Í heildina litið nutu um 154 nemendur þjónustu náms- og starfsráðgjafa skólans.

Samkvæmt 80% starfshlutfalli við skólann var vinnutíminn kl. 8:00-16:30 alla virka daga vikunnar nema föstudaga, í samtals 37 vikur.

Í vetur hefur starf náms- og starfsráðgjafa í Borgarhólsskóla litast og mótast af heimsfaraldri vegna Covid-19. Náms- og starfsfræðsla var í minna mæli vegna breytinga á skipulagi skólastarfs og forgangsroðunar verkefna af völdum Covid-19. Engu að síður hefur starfið verið margþætt og byggst á nánú samstarfi við nemendur, foreldra, stjórnendur, fagfólk í sérfræðiþjónustu og annað starfsfólk skólans.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa var fyrst og fremst að standa vörð um velferð allra nemenda, vera málsvari þeirra og trúnaðarmaður og aðstoða þá við að leita lausna í sínum málum. Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um málefni nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.


Áherslan í starfinu var á nemandann og fólst í stuðningi við hann til aukinnar sjálfsþekkingar m.a. tengdum áhuga, styrkleikum og lífsgildum þannig að nemandanum líði sem best og nái árangri í námi og starfi.

#### **Verkefni námsráðgjafa á skólaárinu voru:**

- Kynning á starfi náms- og starfsráðgjafa
- Einstaklingsráðgjöf
- Hópráðgjöf/fræðsla
- Skólalokaviðtöl nemenda 10. Bekkjar
- Framhaldsskólakynningar fyrir nemendur 10. Bekkjar
- Foreldraráðgjöf
- Samráðs- og teymisfundir
- Tengslakannanir
- Eineltismál

#### **Yfirlit yfir skráningu viðtala, fræðslu og samráðsfunda skólaárið 2020-2021**

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit með sundurgreiningu á fjölda viðtala, fræðslu-/kennslustunda og funda sem námsráðgjafi sinnti samtals á skólaárinu. Mynd: Fjöldi viðtala (ekki nemenda), fræðslustunda og funda.



### Heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur við Borgarhólsskóla er í 42% starfshlutfalli með viðveru á skólatíma frá kl. 8:00-12:00. Hlutverk heilsugæslu í skólum er að sinna heilsuvernd nemenda sem er framhald af ung-og smábarnavernd.

Starfsemi heilsuverndar grunnskólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglubundnum skimunum og eftirliti, ónæmisáðgerðum, heilbrigðisfræðslu, lyfjagjöf og teymisvinnu kringum einstök mál.

Samkvæmt tilmælum Landlæknis eru gerðar skimanir í fjórum árgöngum á hverju skólaári. Það er í 1., 4., 7. og 9.bekk, þá er mæld hæð, þyngd og sjón ásamt því að hjúkrunarfræðingur tekur lífstílsviðtal við hvert barn. Skólaárið 2018-2019 gerði skólahjúkrunarfræðingur samtals 158 mælingar á hæð og þyngd, 108 sjónpróf og tók 104 nemendur í lífstílsviðtal. Nemendur í 7.og 9.bekk voru einnig bólusettir í skólanum og framkvæmdi skólahjúkrunarfræðingur 78 ónæmisáðgerðir þetta skólaárið. Börn í öðrum bekkjum eru mæld og skoðuð eftir þörfum. Skipulögð heilbrigðisfræðsla og forvarnarstarf fer í hvern bekk skólans á hverju skólaári, ýmist koma nemendur í smærri hópum til skólahjúkrunarfræðings í þá fræðslu eða skólahjúkrunarfræðingur fer með fræðsluna inn í bekki.

### Mötuneyti

Skólamötuneyti Húsavíkur var sett á laggirnar haustið 2020. Það er staðsett í Borgarhólsskóla, er rekið sem sjálfstæð eining og hefur sinn yfirmann. Mötuneytið þjónar eftir sem áður Borgarhólsskóla og FSH en að auki Leikskólanum Grænuvöllum og bæjarskrifstofunum.

Vegna covid hafa nemendur FSH ekki komið yfir í skólann í mat.

### Byrjendalæsi

Borgarhólsskóli hefur verið í þróunarverkefninu Byrjendalæsi frá árinu 2010. Vorið 2012 lauk helmingur kennara á yngsta stigi tveggja ára þróunarvinnu í BL. En hinn helmingur kennara á yngsta stig færirst yfir á seinna ár í þróunarverkefninu/náminu.

Allir kennarar á yngsta stigi starfa samkvæmt aðferðum BL. sem ganga, í fáum orðum, út á að;

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.
- Unnið er með merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.





- Byggir á markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í námi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Markviss kennsla aðferða sem styður við lesskilning og fjölbreytta ritun.
- Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

Það er stefna Borgarhólsskóla að unnið sé eftir aðferðum Byrjendalæsis á yngsta stigi.

## Yndislestur

Nú höfum við síðustu ár haft yndislestur í öllum bekkjum á hverjum degi. Það hefur gefist ágætlega en ágætt að huga að nýju fyrirkomulagi á næsta skólaári.

## Sameiginlegir atburðadagar

**Salur:** Allir bekkir sjá um dagskrá á sal einu sinni á skólaárinu. Lögð er mikil vinna í undirbúning og stendur skemmtunin yfir í 30 mínútur. Umsjónarkennarar bekkja sjá um að undirbúa nemendur og aðstoða þá við salaruppákomur.

Markmið með samkomum á sal eru að:

- örva samkennd og efla sjálfsvitund
- glæða skapandi hugsun og fræðast
- styrkja siðvit og gleðjast saman

Markmiðunum ætlum við að ná með því að:

- undirbúa nemendur sem sýna á sal og gefa öllum tækifæri til þátttöku
- þjálfa nemendur í að hlusta og virða þá sem koma fram
- sýna almenna háttvísi og syngja saman
- láta gesti finna að þeir eru velkomnir

Vegna samkomutakmarkana höfum við ekki getað haft sal eins oft og við vildum þetta skólaárið. Tveir bekkir náðu að hafa dagskrá á sal en foreldrar fengu atvikið sent. Í ár tók tónlistarskólinn þátt í söngsölum og sá um undirleik. Það heppnaðist vel og stefnt að því að halda því fyrirkomulagi áfram.

## Göngudagurinn

Göngurdagur var haldinn 15. september 2020 en þá gengu nemendur skólans fyrirfram ákveðnar gönguleiðir, miskrefjandi eftir aldri nemenda.. Markmið göngudagsins falla vel að grunnþáttum menntunar í heilbrigði og velferð en þar er lögð áhersla á að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Markvisst hreyfiuppeldi leggur grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri færni nemenda.

- 1. bekkur – Sund



- 2.-3. bekkur - Farið í skógarferð þar sem nemendur léku sér og fengu sér nesti. Svo var gengið niður á fótboltavöll þar sem farið var í leiki.
- 4.-5. bekkur -Gengið niður á bryggju, þaðan í átt að sjóböðunum og yfir á fris-bygolfvöllinn. Frá frisbygolfvellinum var gengið að hesthúsunum í Traðagerði, skóginn, að Hól og til baka í gegnum skrúðgarðinn að skólanum.
- 6.-7. bekkur - Gengið frá skólanum, upp að Botnsvatni (veginn). Nemendur gengu hringinn með stoppi inn í enda (smá nesti) og síðan aftur niður í skóla, gengið niður göngustíginn sem liggur niður í skrúðgarð.
- 8.-10. bekkur - Gengið var frá Hólmatungum niður í Vesturdal.

### Jól í skókassa

Haustið 2020 var verkefnið Jól í skókassa framkvæmt í níunda sinn í samstarfi við KFUM og KFUK á Íslandi. Skókössunum er dreift til fátækra barna í Úkraínu.

Markmið með þátttöku í jól í skókassa eru:

- efla samkennd – umburðarlyndi og samúð
- efla skilning barna og fullorðinna á kjörum annarra
- láta gott af sé leiða og gleyma ekki þeim sem minna mega sín

### Verkstæðisdagur

Frá öröfi alda hefur ríkt sú skemmtilega hefð í Borgarhólsskóla að hafa verkstæðisdag fyrir jólin. Í ár voru miklar breytingar vegna samkomutakmarkanna. Hvert teymi fönðraði á sínu svæði. 10. bekkur framreiddi vöflur og kakó handa öllum og fékk hvert teymi tíma á kaffihúsi í sal skólans. Verkstæðisdagurinn hófst kl. 8.15 og var til 12.00. Ekki er hefðbundin kennsla þennan dag.

Við leitumst við að vera umhverfisvæn og hugmyndarík í þeim verkefnum sem boðið er upp á.

Markmið með verkstæðisdegi:

- efla sköpunarhæfni og sköpunargleði
- styrkja tengsl heimilis og skóla.

### Litlu jólin

Litlu jólin voru 18. desember

Á litlu jölunum byrja nemendur inni í skólastofu hjá umsjónarkennara þar sem lesin er jólasaga, spjallað og spilað. Enn þurfti að breyta fyrirkomulagi og voru teymi bara á sínum svæðum. Hægt var að fá tíma í salinn til að dansa í kringum jólatréð. Jólasveinarnir úr Dimmuborgum heimsóttu okkur við mikinn fögnuð og fóru á milli teyma.

### Útivistardagur

Vikuna 29. mars-3. apríl var ákveðið að nota góða veðrið og hafa útivistardag. Þar sem ekki var hægt að hafa alla í einu var skólanum skipt niður og fóru teymin á mismunandi dögum í útivist. Í boði var að fara á skíði í Reyðarárhjúk eða Höskuldsvatnshnjúkuk fyrir 4.-10. bekk þess að fara í göngutúr frá skólanum og renna sér í Neðri-Skálamel. 1.-3. bekkur fór að renna í Neðri- Skálamel. Við fengum Fjallasýn til að aka með nemendur upp á skíðasvæði.



## Skólalok

Ávallt skal hafa í huga að skólaganga er samfelld en ekki 10 aðskilin ár. Í ár luku nemendur skólaárinu hjá umsjónarkennara sem afhenti þeim vitnisburð í lok dags. Ekki var hægt að hafa samveru með foreldrum vegna samkomutakmarkana. 10 bekkur var útskrifaður á sal Borgarhólsskóla fimmtudaginn 3.júní við hátíðlega athöfn. Foreldrar buðu í kaffisamsæti á eftir sem útfært var til að halda sóttvarnarreglum.

## Nefndir og ráð

### Foreldrafélag Borgarhólsskóla

Í stjórn félagsins sitja

Formaður. Eysteinn Heiðar Kristjánsson

Varaformaður. Huld Hafliðadóttir

Gjaldkeri. Katrín Laufdal

Ritari. Rakel Dögg Hafliðadóttir

Meðstjórnendur. Hreiðar Másson situr einnig í Skólaráði

Hallgrímur Jónsson

Katrín Ragnarsdóttir

Félagið hefur í vetur unnið að starfsáætlun félagsins og m.a. lagt könnun fyrir foreldra hvað þeir vilji að félagið beitti sér fyrir.

### Veðurráð

Hlutverk ráðsins er að meta aðstæður og opna skóla snemma dags þegar eitthvað er að veðri. Ef skóla er aflýst skal veðurráð mæta til að taka á móti þeim börnum sem mögulega koma. Í ráðinu sátu: Pálmi, Halla Rún og Sveinn

### Öryggisráð

Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af samstarfsmönnum sínum, óháð stéttarfélagi, til að sinna vinnuverndarstarfi innan vinnustaðar (þar sem fjöldi starfsmanna er tíu eða fleiri). Þeirra helsta hlutverk er að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlöggin og reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað (áhættumats).

Verkefni öryggisráðsins hafa meðal annars verið:

- Að búa til öryggisáætlun og um hollustuhætti
- Að kynna neyðaráætlanir fyrir starfsfólki
- Fara yfir hvers konar búnað í stofnuninni sem tengist starfsemi ráðsins, s.s. slökkvitæki og annan búnað.
- Endurmeta þörf fyrir hvers konar búnað, s.s. hjartastuðtæki.
- Kanna þörf á námskeiðum fyrir starfsfólk, s.s. skyndihjálparnámskeið.

Sveinn og Rakel eru öryggisverðir skólans og Íris og Hjálmar Bogi öryggisfulltrúar.



## Innra mat

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Áhersla er lögð á það að sjálfsmatið sé sjálfsagður hluti skólastarfsins, unnið jafnt og þétt og ekki íþyngjandi. Á hverju hausti fær skólastjóri 2-3 kennara, til að sitja í sjálfsmatsnefnd. Nefndin fundar að lágmarki 10 sinnum á önn, stýrir vinnunni við sjálfsmatið og kallar aðra til sem málið varðar. Lögð er áhersla á það að þessi vinna sé stöðug, einföld og hluti af stofnanamenningu Borgarhólsskóla.

Innra matsteymi 2020-2021 var skipað auk skólastjóra; Nönnu Möller kennara, Örnú Ásgeirsdóttur kennara, Kiddý Hörn Ásgeirsdóttur kennara, Guðrúnu Kristinsdóttur kennara og Elsu Björk Skúladóttur deildarstjóra. Teymið naut og nýtur áfram aðstoðar Ásgarðs ehf. við framkvæmd matsins. Teymið fundaði á þriðjudögum í klukkustund í senn, þörf er á lengri tíma.

## Skólaráð

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsveitvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn;

- 2 kennarar
- 2 nemendur
- 2 foreldrar
- 1 starfmaður skóla
- 1 úr grenndarsamfélaginu/eða foreldri
- Skólastjóri

Fundagerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans.

## Nemendaverndarráð

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 er kveðið á um að skólastjóri setji á laggirnar nemendaverndarráð sem sjái um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skuli stuðla að samráði við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna nemenda eftir því sem þurfa þykir. *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.* (Reglugerð nr. 584, 17. gr. 2010). Nemendaverndarráð starfar einnig sem eineltisteymi.

Nemendaverndarráð skipar skólastjóri, deildarstjórarar, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og starfsmaður skólaþjónustu. Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti og er á forræði deildarstjóra stoðþjónustu.



Reglugerð mennta- og menningarmálaráðherra frá 25. júní 2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, lýsir nánar starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

### **Nemendaverndarráð Borgarhólsskóla**

Díana Jónsdóttir, Elsa Björk Skúladóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Kristín Helgadóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir og Þórgunnur Reykjafn Vigfúsdóttir.

### **Eineltisteymi**

Eineltisteymi hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans. Það veitir starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum leiðsögn í málum sem upp kunna að koma. Í eineltisteymi skólans sitja deildarstjórar 1.-10. bekkjar og námsráðgjafi. Teymið kallar inn fleiri aðila eftir þörfum og vinnur mál í samráði við umsjónarkennara. Borgarhólsskóli vinnur samkvæmt áætlun sem byggir á kerfi Dan Olweusar og hefur skilað góðum árangri í baráttunni gegn einelti. Hún byggir ekki einungis á ákveðnum viðbrögðum þegar einelti kemur upp heldur er einnig um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða.

Grunur um samskiptavanda/einelti kom fram á skólaárinu í þremur tilvikum og voru málin sett í ákveðinn farveg samkvæmt viðbragðsáætlun skólans gegn einelti. Einnig var einu máli frá fyrra skólaári fylgt eftir. Brýnt var fyrir starfsfólki skólans að vera vakandi yfir velferð nemenda og ef vafi lék á, að þolendur nytu vafans. Ýmist voru það nemendur, foreldrar eða aðilar utan skólans sem tilkynntu samskiptavanda, grun um einelti eða einelti. Nemendur, foreldrar og starfsfólk lagði sig fram um að varpa ljósi á aðstæður og leiða málin til betri vegar. Misvel hefur til tekist að hafa áhrif á hegðun, líðan og samskipti milli nemenda en mikilvægast er þó að fá málin upp á yfirborðið og vinna með þau eftir bestu getu í skóla og heima fyrir. Í flestum tilvikum hefur náðst góð samvinna milli heimilis og skóla og leiða leitað til lausna.

Niðurstöður Skólapúlsins í vetur varðandi einelti og úrvinnslu eineltismála í skólanum urðu til þess að send var út könnun meðal foreldra á vorönn til að fá betri mynd af sýn þeirra á stöðu mála og jafnframt voru foreldrar hvattir til að láta vita sem fyrst ef þeir yrðu varir við samskiptavanda.

Eftir endurskoðun viðbragðsáætlunar fyrri ára, hefur skráningum, úrvinnslu og eftirfylgd verið fylgt eftir með skýrum hætti. Virkni í öflun upplýsinga og skráningar á framkomu nemenda í tímum, á göngum, úti í frímínútum og íþróttahúsi hefur gefið heildstæðari mynd af stöðu mála. Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um skráningar og geymslu gagna.

### **Áfallaráð**

Mikilvægt er að móta vinnureglur og aðstoða starfsfólk skólans um hvernig bregðast eigi við ýmiss konar áföllum sem starfsfólk eða nemendur og aðstandendur þeirra kunna að verða fyrir eða tengjast með öðrum hætti og kalla fram sorgarviðbrögð.

Áfallaráð skólans starfar af fyllsta trúnaði og gætir sérstaklega allra persónulegra upplýsinga. Áfallaráð kemur saman og vinnur með skólastjórnendum að því að skipuleggja viðbrögð þegar þörf krefur. Í áfallaráði sitja:

- Skólastjóri
- Deildarstjórar
- Námsráðgjafar
- Skólahjúkrunarfræðingar



Skólastjóri eða staðgengill skólastjóra er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

Hlutverk áfallaráðs

- Að hafa verkstjórn við válega atburði,
- Sjá til þess að starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum
- Að útbúa vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki fyrir sig.
- Sjá til þess að starfsfólk fá stuðning og hjálp og faglega þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.
- Funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.

## Nemandateymi

Misjafnt er hverjir sitja í nemandateymi. Alla jafnan umsjónarkennari, stjórnandi og foreldrar.

## Samstarf skólans við aðrar stofnanir

### Grænuvellir

Leik – og grunnskóli vinna markvisst saman með það að leiðarljósi að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla. Unnið er eftur verkáætlun sem felst í heimsóknum á báða bóga nokkrum sinnum yfir skólaárið. Vorskóli 5 ára barna var 18.-20. maí frá 09:00 – 11.00. Umsjón með vorskólanum var í höndum umsjónarkennara 1. bekkjar Kristjönu Eysteinsdóttur og Helgu Bjargar Pálmadóttur. Foreldrar fengu sendan bækling heim um skólabyrjun og var skráning í skólann rafræn að þessu sinni. Stefnt er á að halda kynningarfund með foreldrum fyrir skólabyrjun.

### Tónlistarskóli Húsavíkur

Samstarf Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla, áður Barnaskóla Húsavíkur á sér sögu allt frá árinu 1972, þegar Tónlistarskólinn fluttist inn í húsnaði í eigu Barnaskólans. Í kjölfar þess að skólarnir störfuðu undir sama þaki var farið af stað með verkefni þar sem nemendur barnaskólans vor teknir út úr tímum. Í kjölfar þess jókst aðsókn að tónlistarnámi verulega. Ljóst varð að ekki var mögulegt að veita öllum þeim nemendum þjónustu sem eftir því leituðu nema eitthvað nýtt kæmi til í skipulagi tónlistarnáms. Til þess að bregðast við aukinni eftirspurn var farið af stað með verkefnið Hljóðfæranám fyrir alla 1992 í samstarfi Tónlistarskólans, Leikskólans og Barnaskólans.

Markmiðið með verkefninu *Hljóðfæranám fyrir alla* var að koma á markvissu tónlistaruppeldi fyrir aldurshópinn 3-9 ára með samvinnu um og samræmdri tónlistarkennslu í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Verkefnið fólst í því að:

- Vinna að gerð sameiginlegrar námskrár í tónlistarfræðslu fyrir aldurskeiðið 3-9 ára.
- Próa og afla þekkingar í viðkomandi stofnunum á kennsluáferðum sem gerðu það mögulegt að bjóða heilum bekkjardeildum uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldri stundaskrá.
- Nota og próa samþætt kennsluefni í tónlistar forskóla, tónmenntarkennslu og hljóðfæranámi. Segja má að settum markmiðum hafi verið náð. Námskrá var unnin í samræmi við fyrirbyggjandi námskrá grunnskólans og þau gögn sem til voru á þeim tíma um faglegt starf leikskóla og



tónlistarskóla. Aðalnámsskrá tónlistarskóla leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 2000. Helsta áskorunin í verkefningu hefur verið að stuðla að þróun faglegs starfs og hópkenndu í tónlist. Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir tónlistarkennara og leikskólakennara. Unnið var sameiginlegt kennslu efni byggt á þeirri tónlist sem notuð var til kenndu í leikskólanum og tónmenntakennslu grunnskólans. Vandað var til við gerð kennsluefnisins en reynslan af því hefur verið mjög góð og er það ennþá í notkun hér á Húsavík og víðar á landinu.

### **Skipulag samstarfsverkefna**

Hópkenndu er forsenda þess að hægt sé að veita öllum börnum tónlistarkennslu.

### **2. bekkur**

Í öðrum bekk er kenndu á blokkflautu tvisvar 30 mín á viku, 4-6 börn í hóp. Kennsluefnið fyrir blokkflautu og í tónfræði hefur verið samið af kennurum skólans sérstaklega fyrir verkefnið og bækurnar búnar til í tónlistarskólanum. Nemendurnir koma allir fram á tónleikum og taka próf í tónfræði. Til viðbótar hefur verið tónmenntakennsla einu sinni í viku.

*Í öðrum bekk læra nemendur allan hefðbundinn grunn í tónlistarnámi. Lögð er áhersla á að nemendur æfi sig heima og að framvinda nemenda geti verið mjög breytileg án þess að það valdi vandræðum innan hópsins sem heild. Náms efnið er með fjöl radda útsetningar sem gefur færi á að nemendur geti verið að takast á við mis erfið verkefni. Nemendur koma fram á tónleikum skólans í það minnsta tvisvar yfir skólaárið.*

### **3. bekkur**

Í þriðja bekk fá börnin kennslu á hljóðfæri að eigin vali tvisvar 30 mín á viku, 2-4 saman í hóp. Við kenndu er mikið notað kennsluefni sem samið hefur verið í tengslum við verkefnið. Börnin koma fram á tónleikum hvert og eitt eða saman í hóp og taka tónfræði próf að vori. Tónmenntakennsla kemur þessu til viðbótar.

*Markmiðið með þessu verkefni er að öllum börnum gefist tækifæri til að læra á hljóðfæri að eigin vali. Þau læra nótnalestur og hljóta þjálfun í að koma fram á tónleikum jafnframt því að hlusta á flutning annarra. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð. Það virðist sem öll börn á þessum aldri hafi áhuga á að prófa að læra á hljóðfæri. Með þessu verkefni er einnig verið að yfirstíga ýmsar félagslegar hindranir varðandi aðgengi að tónlistarnámi auk þess tryggt er meira jafnræði gagnvart skattgreiðendum þar sem tónlistarnámið verður ekki einungis fyrir takmarkaðan hóp nemenda.*

### **4. og 5. bekkur**

Í fjórða og fimmta bekk er kenndu afríkutónlist- djembe, samspil/hljómsveit, marimba tvisvar 60 mín á viku heil bekkjardeild í einu. Öll kenndu fer fram eftir eyranu. Tónlistin sem er upprunnin í sunnan verðri Afríku byggir mikið á þrástefjum sem byggja upp rymtísk spennu með notkun á pólrýmík. Hljóðfærin eru díatónísk og hljómagrunnurinn er að mestu grunnhljómar í I, IV og V sæti. Hljóðfærin eru stór og gefa nemendum möguleika á að þroska bæði gróf og fínreyfingar. Nemendur koma fram á tónleikum á vegum tónlistarskólans.

*Reynslan hefur sýnt að hljóðfærin og tónlistin gefa mjög mikið svigrúm fyrir mismunandi getustig nemenda innan sama hóps. Þannig geta allir verið virkir í samspili þar sem flutt er grípandi tónlist.*



*Nemendur hafa ekki möguleika á að æfa sig heima en þar sem nemendur fá tvo tíma í viku er mögulegt að halda samfellu í náminu og byggja upp færni sem er forsenda þess að áhugi nemenda haldist. Þetta nám uppfyllir kröfur um markmið í tónmenntanámi samkvæmt námskrá grunnskólans jafnframt að vera mjög góður grunnur og stuðnings nám fyrir annað tónlistarnám.*

## **9. og 10. bekkur**

Nemendum í unglingsáldum gefst kostur á að velja tónlist sem hluta af vali grunnskólans. Tónlistarval í hóptímum er nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur sem kjósa að nýta sér einstaklingsnám í tónlist sem hluta af vali verða að greiða sín skólagjöld sjálfir.

Unnið er að breytingum á “Hljóðfæranám fyrir alla” með Tónlistarskólanum. Þær breytingar munu væntanlega raungerast næsta skólaár.

## **Náttúruskólinn/Hvalasafnið**

Hvalaskóli Hvalasafnsins er verkefni sem miðar að því að fræða nemendur í leik-, grunn-, framhalds- og háskóla á svæðinu um hvali og lífríki þeirra við Ísland. Yngstu nemendurnir fá auðveld verkefni sem byggjast á því að læra í gegnum leik og skoðun á umhverfinu, en sömu nemendur fá flóknari verkefni eftir því sem þau eldast, byggð á þeirri þekkingu sem þau hafa til einkað sér áður í Hvalaskólanum. Nemendur 2. og 5. bekkjar hafa unnið að þessu verkefni hjá skólanum.

## **Framhaldsskólinn á Húsavík**

Foreldrar geta sótt um til skólastjóra að nemandi geti hafið nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi sé námið formlega metið. Nemendum Borgarhólsskóla gefst kostur á að sækja nám við FSH í 10. bekk hafi þeir staðist hæfniviðmið 10. bekkjar. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna sem og kostnað vegna þess á framhaldsskólastigi.

Til þess að skólaskipti nemanda, úr grunnskóla og í framhaldsskóla, verði sem auðveldust og ánægjulegust fyrir viðkomandi er mikilvægt að ekki verði rof á þjónustu við þá einstaklinga sem á aðstoð þurfa að halda. Það á við um alla þætti hins mannlega lífs, s.s. í tengslum við námslega getu, íslenskukunnáttu eða líðan og félagsleg samskipti. Þess vegna er öflugt og skilvirkt samstarf grunns- og framhaldsskóla svo mikilvægt. Með skriflegu samþykki forráðamanna nemanda er grunnskóla heimilt að afhenda framhaldsskóla þau gögn sem koma að gagni við skólaskil. [https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru\\_17.03.20.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru_17.03.20.pdf)